

ÁRSSKÝRSLA  
2001



RÍKISSKATTSTJÓRI

# EFNISYFIRLIT

Inngangur .....	4
Stjórnunarskrifstofa .....	6
Skattaskrifstofa .....	10
Gjaldaskrifstofa .....	14
Eftirlitsskrifstofa .....	20
Skatteftirlit ríkisskattstjóra .....	24
Tæknideild .....	26
Skattafræðsla RSK .....	29
Úr dagbók RSK .....	30
Álagning einstaklinga og lögaðila .....	32



ÁRSSKÝRSLA  
**2001**



Embætti ríkisskattstjóra á árinu 2001 gegndi Indriði H. Þorláksson. Ákvarðanir um framkvæmd þeirra verkefna sem RSK eru falin samkvæmt lögum og stjórnvaldsfyrirmælum eru teknar af ríkisskattstjóra og yfirstjórn embættisins. Í henni eiga sæti, auk ríkisskattstjóra, vararíkisskattstjóri og forstöðumenn stjórnunarskrifstofu, skattaskrifstofu, gjaldaskrifstofu og eftirlitsskrifstofu.

Ríkisskattstjóri er ábyrgur gagnvart fjármálaráðherra fyrir rekstri embættisins.

## Ársreikningur RSK 2001

### Rekstrarreikningur fyrir árið 2001

	<b>2001</b>	<b>2000</b>
<b>Tekjur:</b>		
Sértekjur .....	6.964.416	2.700.257
<b>Tekjur samtals</b>	6.964.416	2.700.257
 <b>Gjöld:</b>		
Launagjöld .....	326.445.830	300.900.437
Önnur starfstengd gjöld .....	10.697.356	9.855.629
Rekstrarvörur og risna .....	12.179.856	12.371.500
Prentun og póstburðargjöld .....	83.452.295	71.112.645
Aðkeypt þjónusta .....	18.497.718	20.633.960
Húsnæðiskostnaður .....	16.697.024	17.284.803
<b>Rekstargjöld samtals</b>	467.970.079	432.158.974
Eignakaup .....	8.491.216	3.356.580
<b>Gjöld alls</b>	476.461.295	435.515.554
 <b>Tekjuafgangur (halli) án fjármagnsliða .....</b>	(469.496.879)	(432.815.297)
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....</b>	(659.427)	(10.460)
<b>Tekjuafgangur (halli) án ríkisframlags .....</b>	(470.156.306)	(432.825.757)
 Ríkisframlag .....	482.840.000	443.800.000
 Tekjuafgangur (halli) .....	12.683.694	10.974.243

## Efnahagsreikningur fyrir árið 2001

Eignir:	2001	2000
<b>Veltufjármunir:</b>		
Ríkissjóður .....	26.425.794	11.653.218
Viðskiptakröfur .....	1.206.244	190.448
Handbært fé .....	220.366	167.218
<b>Veltufjármunir samtals</b>	<b>27.852.404</b>	<b>12.010.884</b>
<b>Eignir alls</b>	<b>27.852.404</b>	<b>12.010.884</b>
<b>Skuldir og eigið fé:</b>		
<b>Eigið fé</b>		
Höfuðstóll í ársbyrjun .....	2.272.032	(8.702.112)
Tekjuafgangur (halli) á árinu .....	12.683.694	10.974.243
<b>Eigið fé samtals</b>	<b>14.955.726</b>	<b>2.272.032</b>
<b>Skammtímaskuldir:</b>		
Viðskiptaskuldir .....	178.020	310.535
Ógreidd gjöld .....	12.718.658	9.428.317
<b>Skammtímaskuldir samtals</b>	<b>12.896.678</b>	<b>9.738.852</b>
<b>Skuldir og eigið fé alls</b>	<b>27.852.404</b>	<b>12.010.884</b>

## Sjóðstreymi árið 2001

Handbært fé frá rekstri:	2001	2000
<b>Veltufé frá rekstri:</b>		
Tekjuafgangur (halli) .....	12.683.694	10.974.243
<b>Veltufjármunir samtals</b>	<b>12.683.694</b>	<b>10.974.243</b>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:		
Skammtímakröfur (hækkun) .....	(1.015.895)	1.722.535
Viðskiptaskuldir (lækkun) .....	3.157.826	(810.052)
<b>Eigið fé samtals</b>	<b>2.141.931</b>	<b>912.483</b>
Handbært fé frá rekstri .....	14.825.625	11.886.726
<b>Fjármögnunargreyingar</b>		
Breyting á stöðu ríkissjóðs:		
Framlag ríkissjóðs .....	(482.840.000)	(443.800.000)
Greitt úr ríkissjóði .....	468.067.424	431.844.614
<b>Fjármögnunargreyingar</b>	<b>(14.772.576)</b>	<b>(11.955.386)</b>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé .....	53.049	(68.660)
Handbært fé í ársbyrjun .....	167.218	235.878
<b>Handbært fé í árslok</b>	<b>220.267</b>	<b>167.218</b>

## Áritun endurskoðenda

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri stofnunarinnar á árinu 2001, efnahag 31. desember 2001 og breytingu á handbæru fé á árinu 2001 í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju.

Ríkisendurskoðun, 3. apríl 2002  
 Sigurður Þórðarson, ríkisendurskoðandi  
 Ingi K. Magnússon

Fyrsta ár nýrrar aldar var á ýmsan hátt farsælt fyrir RSK. Góður árangur náðist á flestum sviðum og markverð spor tekin á þeirri braut sem áður hafði verið mörkuð. Árið einkenndist fremur af þróun en byltingarkenndum stökkum og er það vel.

Á mannahaldi stofnunarinnar urðu ekki miklar breytingar en eins og eðlilegt er hurfu frá henni nokkrir starfsmenn og aðrir komu í staðinn. Heildarfjöldi ársverka var um 84 saman borið við 83 ársverk á árinu 2000. Veruleg breyting til bóta varð á húsnæðismálum embættisins með því að það fékk til ráðstöfunar 1. hæð hússins að Laugavegi 166, sem innréttuð var fyrir stjórnunarskrifstofu, afgreiðslu, skjalasafn o.fl. Vegna aukins húsnæðis var unnt að flytja skatteftirlit RSK frá Nóatúni 17 að Laugavegi 166. Jafnframt var gerð sú breyting að flytja gjaldaskrifstofu embættisins á 5. hæð en eftirlitskrifstofa og skatteftirlitið deila nú með sér 3. hæðinni.

Sú breyting var gerð á starfsskipulagi RSK síðla árs 2001 að verkefni og starfsfólk rekstrarsviðs tæknideildar, sem fyrst og fremst annast gagnavinnslu vegna staðgreiðslu o.fl., voru færð undir skattaskrifstofu. Þá var og lögð áhersla á að efla álagningardeild þeirrar skrifstofu vegna síaukinna verkefna við forskráningu upplýsinga, miðlæga framtalsgerð og þróun og umsjón forrita fyrir álagningarskoðun. Með auknu og breyttu húsnæði var og gerð sú breyting að skjalaskráning og skjalavarsla var sameinuð á einn stað fyrir alla stofnunina svo og dreifing og útsending gagna.

Rafræn skattskil hafa verið í stöðugri þróun á undanförunum árum og jukust þau verulega á árinu. Við álagningu á einstaklinga reyndust 2/3 þeirra hafa skilað rafrænu framtali og yfir 8 af hverjum 10 lögaðila gerðu það einnig. Sú mikla þátttaka í rafrænum skilum, sem náðst hefur hér á landi og er meiri en annars staðar þekkist, hefur vakið athygli. Á ráðstefnu sem Evrópusambandið gekkst fyrir í Brussel á sl. ári voru rafræn skattskil RSK kynnt og hlutu viðurkenningu sem framúrskarandi rafræn stjórnsýsla. Árið 2001 markar viss skil að því leyti að með þeim árangri sem þá náðist eru rafræn framtalsskil orðin hin almenna regla. Mun öll þróun skattframtalsins og álagningarvinnslu á næstu árum miðast við það.

Forskráning upplýsinga var stóraukin með því að taka til skráningar launaupplýsingar frá völdum launagreiðendum. Tókst hún með ágætum og leiddi til þess að ákveðið var að stíga skrefið til fulls og bjóða öllum launagreiðendum upp á skil á launaupplýsingum til forskráningar (2002). Óhætt er að fullyrða að auknar og réttari upplýsingar um launagreiðslur vegna forskráningarinnar hafi þegar skilað til baka þeim kostnaði sem lagður hefur verið í forskráningu auk þess sem mikið hefur verið létt á vinnu framteljenda. Samhliða þróun þeirra þátta sem snúa að framteljendum og bættri þjónustu við þá var lögð áhersla á að bæta vinnutækni við álagningarskoðun og meðhöndlun framtala. Kerfi til vélrænnar prófunar á framtölum var þróað frekar



og endurbætt og nýtt kerfi til skoðunar á framtölum var hannað í stað eldra kerfis.

Auk rafrænna framtalsskila var unnið að rafrænum skilum á virðis- aukaskattsskýrslum og greiðslum. Var það kerfi tekið til fullra nota haustið 2001 og er notkun þess þegar orðin nokkur og búist við að hún vaxi hægt og sígandi. Ennfremur var unnið að gerð kerfis fyrir rafræn skil á staðgreiðslu opinberra gjalda og tryggingagjalds, sem tekið var í notkun í byrjun árs 2002.

Kröfur til búnaðar hafa aukist með þróun og aukinni notkun rafrænna kerfa í skattastjórnsýslunni. Nauðsynlegt reyndist að endurnýja gagnaflutningskerfi skattsins og var komið á ljósleiðarakerfi á milli RSK og annarra stofnana skattkerfisins á síðasta ári, sem hefur stórbætt vinnsluhraða í kerfum skattsins. Þá var vélbúnaður hjá RSK og þeim skattstofnunum, sem eru með vélbúnaðarþjónustu hjá RSK, endurnýjaður að miklu leyti.

Á árinu 2001 voru gerðar verulegar breytingar á dreifingu gagna til skattaðila bæði hvað varðar framtalsgögn og annað svo sem greiðsluseðla o.fl. Er dreifing flestra gagna nú miðlæg og hefur verið unnið við að fækka útsendingum með því að sameina þær eftir megni. Þá hefur þökkun framtals- eyðublaða og fylgigagna verið breytt og er hún unnin vélrænt. Hefur af þessu hlotist nokkuð hagræði.

Samvinna við skattstjóra hefur verið eflid og aukin. Á reglulegum fundum eru rædd þau málefni sem efst eru á baugi hverju sinni, breytingar kynntar og teknar sameiginlegar ákvarðanir eftir því sem tilefni eru til. Auk þess eru samskipti RSK við skattstofurnar í öllu daglegu starfi mjög mikil svo og hvað varðar fræðslumál o.fl.

Fjármál stofnunarinnar voru í góðu lagi að því leyti að rekstur hennar og kostnaður við hugbúnaðargerð og tölvurekstur hefur verið innan þess ramma sem settur hefur verið. Hinu er ekki að neita að þessi rammi hefur verið þrengdur meira en æskilegt er þegar litið er til þess hagræðis og ávinnings sem fyrirsjáanlega má ná með áframhaldandi vinnu á þessu sviði. Þá hefur það hamlað eftirfylgni og framkvæmd áætlana að ekki hefur reynst unnt að fá rekstraráætlanir embættisins samþykktar eins tímanlega og æskilegt hefði verið.

# STJÓRNUNARSKRIFSTOFA

Forstöðumaður: Jón H. Steingrímsson  
Fjöldi ársverka: 15,8

Árið 2001 var þriðja starfsár stjórnunarskrifstofu en hún var sett á stofn í febrúar 1999. Skrifstofan skiptist í tvær deildir, rekstrardeild og útgáfu-deild og helstu verkefni eru fjármál og rekstur embættisins, starfsmannamál, húsnæðismál, skjalamál, útgáfu- og kynningarmál, þróunarverkefni og tölfræðiverkefni.

Á árinu tók skrifstofan, fyrir hönd embættisins, við því verkefni frá skattstofum að annast dreifingu á skattframtölum og voru af því tilefni gerðir samningar við Umslag ehf. og Íslands-póst hf. um pökkun og dreifingu framtala. Þann 1. nóvember var gerð sú skipulagsbreyting að starfsmannamál og starfsmannastjóri voru færð beint undir ríkisskattstjóra í stað þess að falla undir forstöðumann stjórnunarskrifstofu. Var breytingunni ætlað að gefa starfsmannamálum aukið vægi í starfseminni þar sem stjórnun þeirra mála verður æ mikilvægari þáttur í stjórnun stofnunarinnar. Í desember var almenn skráning mála hjá embættinu gerð miðlæg undir umsjón skrifstofunnar. Um leið tók hún við verkefnum varðandi móttöku og dreifingu eyðublaða og annarra gagna sem áður voru í umsjón rekstrarsviðs tæknideildar.

## Fjármál

Útgjöld til rekstrar embættisins og sameiginlegra þarfa skattkerfisins voru á árinu 469,5 m.kr. að teknu tilliti til sértekna en árið á undan voru þau 432,8 m.kr. Áætlanagerð og bókhald byggðu á þeim grunni sem lagður hafði verið árin tvö á undan. Á árinu var tekið í notkun nýtt tekjuskráningar- og reikningakerfi, Stólpi. Í kjölfar þess var fyrirkomulagi á bóksölu embættisins breytt og ákveðið að selja bækurnar milli-liðalaust. Ýmislegt var gert til hagræðingar með þeim árangri að útgjöld til auglýsinga, símanotkunar, áskrifta, húsnæðis og aðkeyptrar þjónustu lækkuðu á milli ára. Kaup á eignum og búnaði jukust hins vegar allmikið á milli ára, eða um 5 m.kr., í tengslum við breytingar í húsnæðismálum og vegna endurnýjunar á símsstöð. Út-

gjöld til prentunar og dreifingar jukust á milli ára um 12,4 m.kr. sem stafar aðallega af 11 m.kr. viðbótarkostnaði embættisins vegna dreifingar á skattframtölum.

Heildarkostnaður vegna álagningar- og upplýsingakerfa ríkisskattstjóra var á árinu liðlega 261 m.kr. en var árið á undan um 236 m.kr. Þar af fóru um 212,6 m.kr. til rekstrar og reglubundins viðhalds en 48,7 m.kr. til endurbóta og nýsmíði á hugbúnaði. Stærstur hluti þessa kostnaðar eru bundin útgjöld, enda hafa verið gerðir samningar um þau útgjöld sem eru reglubundin vegna reksturs og viðhalds á kerfum, til að festa í sessi kjör og umfang. Þróun þessara útgjalda sl. fjögur ár hefur verið eftirfarandi á föstu verðlagi:

Allar fjárhæðir á verðlagi ársins 2001<sup>1)</sup>

	1998	1999	2000	2001
Reglubundið				
hugbúnaðarviðhald	156,3	122,8	110,1	101,9
Annar rekstur	123,1	110,9	107,4	110,4
Nýsmíði og				
endurbætur	51,3	51,7	44,3	48,7
<b>Alls</b>	<b>330,7</b>	<b>285,4</b>	<b>265,8</b>	<b>269</b>

1) Rekstur færður til verðlags skv. neysluverðsvísitölu en hugbúnaðarvinna skv. þróun hugbúnaðartaxta.

Á árinu fór fram mikil endurnýjun á einmenningsvélum skattkerfisins enda rekstrarleigusamningar sem gerðir voru á árinu 1998 runnir á enda og vélbúnaðurinn orðinn ófullnægjandi (hraði 233 Mhz, innra minni 64 Mb). Jafnframt voru endurnýjaðar enn eldri vélar sem ekki voru á rekstrarleigusamningum. Þá var endurnýjaður sá netþjónn sem málakerfi skattkerfisins (GoPro) er keyrt á. Útgjöld á árinu urðu 23,9 m.kr. en voru 22,3 m.kr. á árið á undan. Fjárveiting til vélbúnaðarmála hafði verið hækkuð umtalsvert við fjárlagagerð fyrir árið 2001 með hlíðsjón af endurmati á langtímapörf skattkerfisins á þessu sviði.





## Starfsmannamál

Heildar fjöldi ársverka í dagvinnu að meðtöldu fólki í afleysingum og tímavinnu var á árinu 84,1 samanborið við 83,0 á árinu 2000. Launakostnaður hækkaði úr 300,9 m.kr. á árinu 2000 í 326,4 m.kr. á síðasta ári. Þetta er í takt við hækkingu launavísitölu á milli áranna. Athygli vekur að starfsmannavelta embættisins fyrir árið 2001 var aðeins 4,7% en hafði verið um og yfir 20% síðustu þrjú árin þar á undan.

Í lok ársins 2000 var mörkuð stefna um bann við reykingum innanhúss. Á árinu 2001 var þessu fylgt eftir og boðið upp á námskeið um að hætta að reykja í febrúar. Þátt tóku 10 starfsmenn og mæltist námskeiðið vel fyrir.

## Húsnæðismál

Í byrjun árs voru hafnar framkvæmdir við nýtt húsnæði ríkisskattstjóra á 1. hæð Laugavegs 166. Var verkinu skipt í tvo áfanga. Í fyrri hluta framkvæmdanna var innréttað skrifstofuhúsnæði í Laugavegsálm 1. hæðar þar sem stjórnunarskrifstofa er nú til húsa að undanskilinni afgreiðslueiningunni. Var flutt í húsnæðið í byrjun maí. Síðari hluti framkvæmdanna tók til afgreiðslu og skjalarmis í Nóatúnsálm 1. hæðar og lauk honum síðla árs. Ný afgreiðsla ríkisskattstjóra var opnuð 26. nóvember ásamt skjalageymslu, opnu vinnurými og kaffiáðstöðu 1. hæðar. Með þessum áfanga sameinaðist loks öll stjórnunarskrifstofan á einni hæð en starfsmenn hennar höfðu verið dreifðir um húsnæðið frá stofnun hennar 15. febrúar 1999. Með tilkomu hins nýja húsnæðis er heildar skrifstofuhúsnæði ríkisskattstjóra nú 3.368 fm auk 204 fm geymsluhúsnæðis.

Í ársbyrjun var unnið að útboði á rekstri mötuneytis. Sú nýbreytni var viðhöfð að reksturinn var boðinn út með fimm öðrum mötuneytum ríkisstofnana. Með þessu var verið að tryggja rekstrargrundvöll mötuneytisins auk þess að tryggja starfsmönnum sem besta þjónustu og hagstæðust verð. Nýr rekstraraðili tók við rekstri mötuneytisins þann 1. júní.

Unnið var að lausn símamála og kannaðir möguleikar á að endurnýja símstöð embættisins. Viðbótarfjárveiting að fjárhæð 1,5 m.kr. fékkst til verksins og var tekin ákvörðun um kaup á nýrri símstöð í lok ársins.

Fyrri hluta árs var unnið við að stækka rými það sem tölvuver ríkisskattstjóra hefur til afnota. Í framhaldi af því voru boðin út af hálfu Fasteigna ríkissjóðs kaup á kælibúnaði og uppsetningu hans í tölvuveri. Í júlí var settur upp öflugur kælikápur sem komið hefur kælingu tölvuversins í viðunandi horf. Einnig buðu Fasteignir ríkissjóðs út endurnýjun tölvulagna á 3., 4. og 5. hæð í maí og var unnið við framkvæmdir í september og október. Ákveðið var að tilhlutan Fasteigna ríkissjóðs að breyta áður áformaðri framkvæmdaröð og flytja framkvæmdir við bílastæði á baklóð Laugavegs 166 fram fyrir byggingu nýs mötuneytis. Því var unnið að undirbúningi og hönnun nýrra bílastæða á síðari hluta ársins.

## Skjalamál

Á árinu 2001 var haldið áfram við það verk sem hófst á árinu 2000 að ganga frá gömlum skjölum til varanlegrar varðveislu. Miðaði því vel þó mikið verk sé ennþá óunnið. Í september voru settir upp hjólaskápar í skjalageymslu og var þá unnt að ganga frá því mikla magni sem búið var að pakka. Einnig var hafist handa við að flytja ársreikninga í skjalageymsluna en nú eru 5 heilir árgangar í varðveislu hjá embættinu. Á árinu var unnið að gerð verklagsreglna og undirbúningi við að koma á miðlægri skráningu í stað skráningar inni á hinum ýmsu deildum/skrifstofum. Miðlæg skráning tók til starfa 1. desember og fara nú öll innsend skjöl á einn stað til flokkunar og skráningar áður en þeim er dreift. Við þetta hafa skil, öryggi og samræming í skráningu orðið mun meiri og tölfræðileg úttekt á afgreiðslu og greiningu skjala áreiðanlegri en áður. Segja má að árið 2001 sé fyrsta heila árið sem unnt er að draga saman heildartölur úr nýlegu málakerfi

embættisins til upplýsingar um heildarumfang og til samanburðar við síðari tímabil. Innskráð mál á árinu skiptust þannig á málaflokka:

Málaflokkur	Málafjöldi
Álagningarmál og úrskurðir	4.053
Framsending erindi	3.876
Álitsgerðir og umsagnir	1.471
Samræming og þróun skattkerfisins	362
Skatteftirlit RSK	144
Almennur rekstur	83
Erlend samskipti	78
Tæknimál	43
Laga- og reglugerðarvinna	23
Leiðbeininga- og eyðublaðavinna	22
Fræðslumál	6
Útgáfumál	4
Önnur mál	338
<b>Samtals</b>	<b>10.503</b>

### Þjónustumál

Sem fyrr segir fluttist afgreiðsla embættisins í glæsilegt húsnæði á 1. hæð á Laugavegi 166. Undanfarið ár hafa fimm starfsmenn unnið í afgreiðslu við að veita upplýsingar og þjónustu þeim sem koma á staðinn eða hringja. Meðal reglubundinna verkefna hafa verið útgáfa skattkorta, umsjón með launagreiðendaskrá og framsending skattframtala. Síðastnefnda verkefnið var einfaldað verulega í framkvæmd í ársbyrjun og síðar flutt til skattaskrifstofu. Í tengslum við það var fækkað um einn starfsmann í afgreiðslu en í stað þess stofnað starf ritara og skjalavarðar hjá skrifstofunni. Á árinu var dreifing skattframtala í fyrsta sinn í umsjón embættisins og annaðist stjórnunarskrifstofa það verkefni í samvinnu við aðrar einingar. Einnig voru henni falin móttaka og dreifing á ýmsum gögnum sem áður voru í umsjón rekstrarsviðs tæknideildar og tilfallandi þjónusta vegna ársreikninga.

### Útgáfumál


Lítill breyting var á árinu í útgáfumálum hvað prentefni og fyrirkomulag varðar en ýmsar

breytingar og nýjungar litu dagsins ljós á upplýsingavef RSK auk þess sem fyrri innviðir voru styrktir. Ljóst er að upplýsingavefurinn er að taka við því hlutverki að vera megin upplýsingamiðill skattkerfisins og smám saman dregur úr mikilvægi hins prentaða máls.

Engin prentútboð fóru fram á árinu enda í gildi samningar um nær öll prentverk en nýtt var heimild í samningum um framlengingu til eins árs. Útgjöld til prentunar hækkuðu úr 34,8 m.kr. frá árinu áður í 41,1 m.kr. Þetta er um 19% hækkun eða lítillega meiri en hækkan vísitölu prentkostnaðar (17,4%) sem samningsverð prentverkefna eru bundin við. Þar sem þrjár bækur voru prentaðar á árinu sem er meira en í meðalári má ætla að raunútgjöld hafi farið heldur lækkandi m.t.t. verðþróunar. Auk almenns aðhalds má þakka það nokkrum samdrætti í einstökum magnprentunum vegna þróunar úr pappírsskilum yfir í rafræn, þó í litlu sé ennþá. Auglýsingakostnaður lækkaði á milli ára þriðja árið í röð, eða úr 5,7 m.kr. í 4,1 m.kr. en markvisst var leitast við að hagræða með samdrætti í dagblaðaauglýsingum og notkun annarra miðla og aðferða til kynningar og áminningar.

### rsk.is og þróunarverkefni

Árið 2001 var þriðja árið sem upplýsingavefur ríkisskattstjóra var starfræktur og einkenndist það af áframhaldandi uppbyggingu. Í byrjun mars var tekin í notkun ný þjónusta, Virk vefmæling, við að mæla umferð um vefinn. Samkvæmt þessari mælingu voru heimsóknir á vefinn í „venjulegum“ mánuði um 18-22 þúsund en fóru upp í tæplega 140 þúsund í tengslum við netframtalið. Stærsti einstaki dagurinn var þann 1. apríl og voru heimsóknir þann dag ríflega 18 þúsund eða álíka og í venjulegum mánuði. Í tengslum við Virka vefmælingu tók rsk.is þátt í Samræmdri vefmælingu, en það er sam- anburðarlisti vefsetra sem öll eru mæld með sama kerfinu (Virki vefmælingu) og er birtur vikulega undir eftirliti Verslunarráðs Íslands.



Í mars og apríl var skattframtal á vefnum mjög áberandi á rsk.is en í tengslum við það er boðið upp á ýmsa þjónustu líkt og umsókn um fresti, veflykla o.fl.

Námskeiðsskráning á vefnum virkaði vel sem fyrr, en á þriðja hundrað manns skráðu sig þannig á námskeið hjá skattafræðslu ríkisskattstjóra. Áskrifendum að nýju efni fjölgaði jafnt og þétt á árinu og voru áskrifendur utan skattkerfisins orðnir rúmlega 900 talsins í lok ársins. Áskrifendum voru 15 sinnum sendar tilkynningar á árinu með ýmsum upplýsingum frá ríkisskattstjóra. Í október var boðið upp á þá þjónustu að kaupa/panta sölurit ríkisskattstjóra á rsk.is.

Frá október var unnið að endurskipulagningu á innri uppsetningu upplýsingavefs ríkisskattstjóra til að einfalda allt vefviðhald og bæta aðgengi að efni vefsins. Einn liður í þessu er svokallað nytsemismat en unnið var að undirbúningi þess í lok ársins. Í því felst að láta valda notendur prófa með stöðluðum hætti viðmót vefsins, þ.e. notkunarmöguleika og efnistöð.

Í ljósi þess að sífellt bætast við fleiri tegundir rafrænna skila var ákveðið að sameina öll rafræn skil á rsk.is á einn stað með það í huga að opna „Vefskil á rsk.is“ í byrjun ársins 2002.

Skrifstofan tók sem fyrr þátt í þróunarverkefnum á árinu, bæði vegna fjármálahliðarinnar og vefteindra verkefna. Vandað var eftir megni til áætlanagerðar í góðri samvinnu við tækni-deild. Helstu þróunarverkefnin voru netframtal, forskráning á framtal og rafræn skil virðisaukaskatts og staðgreiðslu auk upplýsingavefs sem þegar hefur verið fjallað um.

Netframtalinu var lítið breytt frá árinu á undan, en þó gerðar á því ýmsar bætur. Stærsta nýjungin var að framteljendum var boðið upp á bráðabirgðaútreikning opinberra gjalda. Notendum netframtals fjölgaði um 89,2% milli ára sem var langt umfram væntingar. Alls skiluðu 75.939 á netinu.

Þrátt fyrir fáar sjáanlegar breytingar á netframtalinu var talsverðu bætt við kröfulýsingu

RSK og boðið upp á rafræn skil á fimm eyðublöðum sem tengjast atvinnurekstri. Sú viðbót náði aðeins til notenda framtalsforrita en var ekki sett á netið. Framtöl sem unnin voru á framtalsforrit og skilað rafrænt urðu 56.572, sem var 73,5% aukning frá árinu áður.

Síðari hluta ársins var lögð talsverð vinna í að samræma villuprófanir í rafrænum skilum og regluprófanir í skoðunarkerfi framtala sem notað er á skattstofunum. Undir lok ársins fékk netframtal RSK viðurkenningu á stórrí ráðstefnu í Brüssel þar sem sýndar voru lausnir í rafrænni stjórnsýslu frá ýmsum löndum.

Rafræn skil virðisaukaskatts voru formlega gangsett þann 28. nóvember 2001 á rsk.is eftir að hafa verið í prófun hjá völdum aðilum um nokkurra mánaða skeið. Með rafrænum skilum virðisaukaskatts geta gjaldendur sent virðisaukaskattskýrslur rafrænt, skoðað stöðu sína í álagningarkerfi virðisaukaskatts jafnframt því sem gefinn er kostur á rafrænni greiðslu í gegnum heimabanka. Byrjað var að vinna að rafrænum skilum á staðgreiðslu í júlí og áætlað að opna þau á fyrsta ársfjórðungi 2002.

## Tölfræði

Árið 2001 var haldið áfram vinnu við uppbyggingu og viðhald gagnasafna embættisins um ýmsa þætti er lúta að álagningarniðurstöðum og virkni skattkerfisins. Þá var einnig gerð gangskör að því að gera tölulegar upplýsingar um skattamál aðgengilegar almenningi á vef embættisins. Nú er þar að finna upplýsingar um álagningu opinberra gjalda einstaklinga og lögaðila aftur til ársins 1991. Mikill og vaxandi áhugi er meðal ýmissa aðila á sérstökum vinnslum, greinargerðum og úttektum, er byggja á gögnum í vörslu embættisins og hefur umfang slíkra erinda aukist allnokkuð undanfarið. Þar sem þessi þjónusta er ekki liður í lögbundinni starfsemi embættisins er nú sem fyrr unnið eftir þeirri meginreglu að kostnaður sé almennt borinn af þeim sem þjónustunnar óska.

## Almennt

Skattaskrifstofa hefur með höndum umsjón og samræmingu á skattframkvæmd beinna skatta. Helstu skatttegundir sem þannig falla undir ábyrgðarsvið skrifstofunnar eru tekjuskattur, fjármagnstekjuskattur, eignarskattur, staðgreiðsla opinberra gjalda og tryggingagjald.

Stjórnunarleg uppbygging skattaskrifstofu á árinu 2001 var með þeim hætti að hún skiptist í fjórar deildir: Álagningardeild, lögfræðideild, alþjóðadeild og atvinnurekstrardeild. Skrifstofan er fyrst og fremst mönnum af háskólamenntuðum sérfræðingum á sviði skattaréttar. Er þar blanda af reyndum starfsmönnum og ungum og tiltölulega nýtskrifuðum starfsmönnum.

Það sem einkenndi starf skrifstofunnar á árinu 2001 var eins og undanfarin ár hinn mikli fjöldi ýmissa afgreiðslumála. Helstu flokkar slíkra mála eru úrskurðir um skatterindi eða eftir atvikum framsending slíkra erinda til skattstjóra, kröfugerðir í kærumálum til yfirskattanefndar, úrskurðir í skattrannsóknarmálum og síðast en ekki síst svör við ýmsum fyrirspurnum sem embættinu berast. Þá má og nefna úrskurði um endurgreiðslu á staðgreiðslu opinberra gjalda, bindandi álit, útgáfu ýmissa vottorða, staðfestingu hlutafélaga vegna hlutabréfafrádráttar, staðfestingu happdrætta vegna skattfrelsis vinninga, ýmsa útreikninga og tölulegar úttektir, auk úrskurða í kærumálum. Þá vinnur skrifstofan umsagnir í dómsmálum og um lagafrumvörp, auk þess sem sérfræðingar skrifstofunnar veita fjármálaráðuneytinu aðstoð og ráðgjöf við samningu lagafrumvarpa og reglugerða. Er nánari grein gerð fyrir hinum ýmsum málaflokkum hér á eftir.

## Álagning

Við álagningu þinggjalda á árinu 2001 var fjöldi einstaklinga á grunnskrá 221.514 og fjöldi framtalsskyldra lögaðila á grunnskrá var 17.133.


Heildarálagning opinberra gjalda (fyrirframgreiðsla sérstaks tekjuskatts meðtalin) á árinu 2001 nam rúmum 139 milljörðum króna. Þar af var álagning einstaklinga um 109 milljarðar króna og lögaðila um 30 milljarðar króna. Afslættir og bætur til einstaklinga námu 13,5 milljörðum króna. Í samræmi við yfirlýsta stefnu fjölgaði til muna þeim framtölum sem bárust með rafrænum hætti og er óhætt að fullyrða að Ísland sé í fararbroddi í heiminum varðandi skil á framtölum yfir internetið. Haldið var áfram þróun vélrænnar álagningarskoðunar á þeim framtölum sem borist höfðu rafrænt og jókst fjöldi þeirra framtala sem þannig voru afgreidd til álagningar án meðhöndlunar starfsmanna.

## Afgreiðsla skatterinda

Á árinu 2001 bárust skattaskrifstofu 4.909 skatterindi til úrlausnar. Voru það 1.760 fleiri erindi en árið áður. Á árinu voru 3.693 erindi framsend til skattstjóra á grundvelli 101. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, en 1.059 erindi voru úrskurðuð hjá ríkisskattstjóra. Í árslok voru 201 skatterindi óafgreidd samkvæmt málaskráningarkerfi ríkisskattstjóra eða 30% færri erindi en voru óafgreidd áramótin á undan. Þau erindi sem framsend eru skattstjóra til meðferðar eru fyrst og fremst framtöl sem berast eftir að kærufresti er lokið og gjaldandi óskar eftir því að hið innsenda framtal verði lagt til grundvallar í stað áætlaðra stofna.

## Ívilnanir

Úrskurðir skattstjóra um ívilnanir samkvæmt 66. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sæta kæru til ríkisskattstjóra. Alls voru móttakin 111 slík mál á árinu 2001, en afgreidd mál á árinu voru 125. Alls voru 25 óafgreidd ívilnanamál um áramót.



## Skattrannsóknarmál

Þegar skattrannsóknarstjóri ríkisins hefur lokið skattrannsókn tekur hann saman skýrslu um rannsókn sína og sendir ríkisskattstjóra. Skattaskrifstofa ber ábyrgð á þessum málaflokki hjá embættinu og úrskurðar um gjaldabreytingar. Eru þessi mál eftir atvikum unnin í samstarfi við gjaldaskrifstofu. Þannig eru skýrslur skattrannsóknarstjóra yfirfarnar og boðaðar gjaldabreytingar ef forsendur þykja vera til slíks. Að fengnum andmælum gjaldanda er síðan kveðinn upp úrskurður í málinu. Alls bárust 112 mál frá skattrannsóknarstjóra ríkisins á árinu og tvö til viðbótar voru stofnuð hjá ríkisskattstjóra, sem angar af málum er borist höfðu frá skattrannsóknarstjóra. Afgreidd voru 100 skattrannsóknarmál og voru 19 mál óafgreidd um áramót.

## Kröfugerðir ríkisskattstjóra í kærumálum til yfirskaðanefndar

Lögum samkvæmt kemur ríkisskattstjóri fram fyrir hönd gjaldkrefjanda í kærumálum skattaðila til yfirskaðanefndar. Mestur fjöldi kærumála er á sviði beinna skatta og eru þær kröfugerðir unnar á skattaskrifstofu. Alls voru 420 nýskráð mál af þessum toga, sem er einungis 40% af fjölda slíkra mála árið á undan. Það ár var þó sérstakt vegna mikils fjölda sams konar kærumála í svonefndum bankamálum, þar sem deilt hafði verið um skattalega meðferð hlutabréfa sem seld höfðu verið starfsmönnum banka við undirverði. Á árinu 2001 voru 436 kröfugerðir sendar yfirskaðanefnd og voru 34 mál óafgreidd um áramót. Rétt er að hafa í huga að á hverjum tíma er alltaf eitthvað af óafgreiddum kröfugerðum og helgast það fyrst og fremst af því að beðið er eftir gögnum í málin frá skattstjóra. Er fjöldi óafgreiddra mála um áramót því í algjöru lágmarki og er nánast undantekningalaust staðið við hinn lögboðna frest sem em-

bættið hefur til að gefa umsögn sína í kærumálum þessum.

## Undirbúningur lagafrumvarpa og túlkun nýrra laga

Á hverju ári eru samþykktar á Alþingi breytingar á hinum ýmsu skattalögum. Hér að neðan er að finna yfirlit yfir helstu lagabreytingar á sviði beinna skatta á árinu 2001.

- lög nr. 22/2001, um breyting á lögum nr. 22/1991, um samvinnufélög, með síðari breytingum. (Breyting á rekstrarumgjörð samvinnufélaga).
- lög nr. 28/2001, um rafrænar undirskriftir. (Heildarlög)
- lög nr. 30/2001, um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. (Breyting á rekstrarumgjörð samvinnufélaga)
- lög nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu. (Ný heildarlög).
- lög nr. 55/2001, um breyting á lögum um lögskráningu sjómanna nr. 43 1987, með síðari breytingum. (Ný mælieining).
- lög nr. 60/2001, um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. (Stofnverð hlutabréfa í sparisjóði).
- lög nr. 124/2001, um málefni aldraðra. (gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra).
- lög nr. 133/2001, um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, lögum nr. 83/1989, um Þjóðarþóklöðu og endurbætur menningarbygginga, lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum nr. 144/1994, um ársreikninga, og lögum nr. 145/1994, um bókhald, með síðari breytingum. (Breytt skatthlutföllum, m.a. skatthlutfall

lögaðila lækkað úr 30% í 18%. Verðbólgu-leiðréttingar í skattskilum afnumdar og lögfest sérstök ákvæði um yfirfærslu einstaklingsreksturs yfir í hlutfélagsform, eignarskattur lækkaður og sérstakur eignarskattur afnuminn).

Sérfræðingar skattaskrifstofu komu að undirbúningi sumra þessara laga, einkum breytingum þeim sem gerðar voru á lögnum um tekjuskatt og eignarskatt. Þegar lög hafa verið samþykkt eru þau kynnt skattstjórum og eftir atvikum gefnar út leiðbeiningar og túlkanir eftir því sem þurfa þykir.

### Bindandi álit

Á árinu 2001 bárust ríkisskattstjóra 14 beiðnir um bindandi álit í skattamálum, sbr. lög nr. 91/1998, um bindandi álit í skattamálum. Ríkisskattstjóri gaf út 5 bindandi álit, en vísaði 9 álitabeiðnum frá.

### Kaupréttaráætlanir

Samkvæmt nýlegum ákvæðum sem lögfest voru með lögum nr. 86/2000 skal ríkisskattstjóri staðfesta að kaupréttaráætlanir fullnægi skilyrðum skattalaga um sérstaka ívilnandi skattalega meðferð á kauprétti sem starfsmönnum hlutfélaga og einkahlutfélaga er látinn í té. Vegna ýmiss konar erfiðleika á hlutabréfamarkaðnum á árinu 2001 voru staðfestar kaupréttaráætlanir á árinu mun færri en á árinu á undan eða aðeins 19. Á árinu var unnin tæknileg vinna í því skyni að byggja upp tölvakerfi til að halda utan um kaupréttaráætlanir og upplýsingar um nýttan kauprétt. Þá var hannað nýtt eyðublað (RSK 2.085). Ekki náðist þó að fullvinna ákveðin tæknileg atriði eins og áformað hafði verið. Við næstu framtalsgerð (framtal 2003) verður þessari vinnu væntanlega lokið þannig að félögin

geti skilað þessum upplýsingum til skattyfirvalda á rafrænu formi og einnig yrðu þá forsendur fyrir hendi til forskráningar á þessum upplýsingum á framtal eða fylgigögn þess.


### Lögfræðilegar álitserðir

Eins og undanfarin ár voru mál varðandi túlkun einstakra lagafyrirmæla og samantekt um ríkjandi framkvæmd á sviði skattaréttar ríkur þáttur í starfsemi skattaskrifstofu. Birtist þetta ekki hvað síst í formi skriflegra svara við fyrirsprungnum frá skattþegnum og ýmsum opinberum stofnunum og hagsmunahópum, sem og í óformlegri upplýsingagjöf og leiðbeiningum. Alls voru 123 mál innbókuð sem skriflegar fyrirspurnir á árinu 2001 og voru afgreidd 107 slík mál. Óafgreidd um áramót voru 37 mál.

Allmörg mál skattþegna gengu til hins almenna dómstólakerfis. Var þar bæði um refsimál og einkamál að ræða. Auk vinnu við kynningu á úrlausnum dómstóla var töluvert starf unnið við gerð ýmiss konar álita, greinargerða og samantekta vegna reksturs mála fyrir dómstólum, auk þess sem skattaskrifstofan svaraði og gerði grein fyrir atriðum sem umboðsmaður Alþingis lét sig varða á skattasviðinu á árinu.

### Alþjóðamál

Málefni sem tengjast alþjóðlegum skattarétti, hvort heldur um er að ræða skattlagningu erlendra aðila hér á landi eða Íslendinga erlendis, er til umfjöllunar á alþjóðadeild skattaskrifstofu. Alþjóðadeildin hefur jafnframt annast upplýsingagjöf varðandi framkvæmd tvísköttunarsamninga og liðsinnt skattþegnum í samskiptum við erlend skattyfirvöld. Hefur vægi þessa verkefnis aukist ár frá ári og hélt sú þróun áfram á árinu 2001. Skýrist það aðallega af auknum flutningi fólks til og frá landinu og almennum áhuga á alþjóðlegum skattarétti. Eitt af verkefni-



um alþjóðadeildar er að úrskurða um skattalega heimilisfesti. Alls bárust 92 slík mál á árinu en afgreiddir voru 118 úrskurðir í heimilisfestismálum. Óafgreidd mál um áramót voru 5 talsins. Beiðnir um vottorð sem bárust alþjóðadeild voru alls 490 og voru afgreidd 452 vottorð á árinu. Óafgreidd mál af þessum toga voru 53. Vottorð þessi eru af ýmsum toga, svo sem um skattskyldu aðila hér á landi, barnabætur og um tekjur og eignir hérlendis.

### Fyrirmæli og verklagsreglur

Veigamikill þáttur í starfi ríkisskattstjóra er lögum samkvæmt sá að gæta þess að samræmi sé í störfum skattstjóra. Þannig voru skattstjórur send allmörg bréf sem höfðu að geyma niðurstöðu RSK um meðferð ýmissa álitaefna.

Á árinu 2000 var ákveðið að leggja grunninn að nýjum verklagsreglum tekjuskatts. Á árinu 2001 hefur þessum verkefnum miðað heldur hægar en að var stefnt og má búast við því að verkefnið taki heldur lengri tíma en að var stefnt. Helgast það fyrst og fremst af því að starfsfólki skrifstofunnar hefur fækkað á undanförunum misserum og hefur því ekki verið nægilegur mannaflí til að sinna þessu verkefni sem skyldi.

### Kynningar á dómum, úrskurðum, lögum og reglum

Að venju var dreift til skattstjóra og starfsmanna skattkerfisins þeim dómum sem felldir voru í Hæstarétti og héraðsdómum um skattamál. Sama á við um þá úrskurði yfirséðanefndar sem ástæða þótti til að ætla að almennt gildi hefðu. Almennt fer sú kynning nú fram með raf-rænum hætti og eru þeir úrskurðir sem ákveðið er að kynntir skulu skattstjórum vistaðir á innræneti RSK, sem skattstjórar hafa aðgang að. Loks var lögum, reglugerðum og öðrum settum

reglum ársins dreift ásamt þeim skýringum sem við áttu. Þá er tilkynningum um lagabreytingar og orðsendingar komið á framfæri við skattborgara með orðsendingum til launagreiðenda og öðrum hætti eftir því sem tilefni er til, en skattaskrifstofa ber ábyrgð á efni slíkra tilkynninga og leiðbeininga að því er beina skatta varðar.

### Staðfest félög vegna frádráttar frá tekjum samkvæmt 30. gr.

Samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt, var það skilyrði fyrir frádrætti manna vegna fjárfestingar í atvinnurekstri að fjárfest hafi verið í félögum sem skráð voru á Verðbréfaþingi Íslands eða hlotið höfðu staðfestingu ríkisskattstjóra um að skilyrðum laganna væri fullnægt. Alls voru 150 félög á lista ríkisskattstjóra yfir staðfest félög vegna fjárfestingar í atvinnurekstri á árinu 2001. Þar með eru talin félög sem eru skráð í kauphöll hér á landi, en slík félög þurfa ekki sérstaka staðfestingu ríkisskattstjóra. Það þurfa heldur ekki félög sem skráð eru á kauphöll á hinu evrópska efnahagssvæði.

### Happdrætti

Lögum samkvæmt staðfestir ríkisskattstjóri hvort skilyrðum um skattfrelsi vinninga í happdrættum er fullnægt. Skattaskrifstofan sér um útgáfu slíkra staðfestinga og er listi yfir skattfrjálsa happdrættisvinninga birtur í almennum leiðbeiningum með skattframtali ár hvert. Á árinu 2001 voru 18 slíkar staðfestingar um skattfrelsi happdrættisvinninga gefnar út.

### Staðgreiðsluerindi

Mikill fjöldi svonefndra staðgreiðsluerinda berst jafnan skattaskrifstofu til úrlausnar og svo var einnig á árinu 2001. Einkum er um að ræða óskir um endurgreiðslu staðgreiðslu vegna náms. Alls bárust 566 erindi af þessum toga á

árinu en fjöldi afgreiddra mála var 545. Var hér um nokkra fjölgun að ræða á milli ára í þessum málaflokki.

### Þróunarverkefni

Stærstu þróunarverkefni á skattaskrifstofu á árinu eins og undanfarin ár tengdust skattframtali einstaklinga og áframhaldandi þróun rafræns framtals og fyrirfram áprentunar upplýsinga á skattframtalið, sem og rafrænni regluþrófun framtala. Þá var jafnframt unnið að frekari þróun rekstrarframtalsins og er gert ráð fyrir að þróunarvinna varðandi bæði þessi framtöl haldi áfram á næstu misserum. Á árinu 2001 var unnið talsvert að þróun rekstrarskýrslunnar (RSK 4.11) sem er ætluð fyrir einstaklinga í atvinnurekstri. Á árinu var landbúnaðarskýrslan endurskoðuð. Í tengslum við þá vinnu var samin ný reglugerð um skattalega meðferð á bústofnsbreytingu og kaupverði lífdýra í landbúnaði. Var sú vinna unnin í samráði við Bændasamtök Íslands. Á árinu 2001 var ráðist í undirbúning að rafrænum skýrslu- og greiðsluskilum á staðgreiðslu opinberra gjalda og staðgreiðslu tryggingagjalds með það fyrir augum að þau myndu hefjast í ársbyrjun 2002. Þá hefur og verið unnið í samráði við tollstjórnann í Reykjavík, fjármálaráðuneytið og ríkisbókhald að þróunarverkefni er tengist rafrænum aðgangi að greiðslustöðu og greiðslu skattkrafna í heimabanka og er búist við að niðurstaða í því verkefni geti legið fyrir á árinu 2002. Að lokum má geta þess að skattaskrifstofa hefur unnið að því að auka við upplýsingar á innraneti RSK og mun það verkefni verða próað enn frekar á næstu misserum.

### Ársreikningaskrá

Starfsemi ársreikningaskráar er fólgin í því að taka á móti ársreikningum skilaskyldra félaga og veita almenningi aðgang að þeim, m.a. með

sölu á ljósrituðum eintökum þeirra. Er sú þjónusta mikið notuð. Skilaskyld félög eru hlutafélög, einkahlutafélög og samvinnufélög svo og sameignarfélög og samlög ef þau eru í eigu fyrrnefndra félagaforma eða eru yfir tilteknum stærðarmörkum.

Ársreikningaskrá starfar samkvæmt lögum nr. 144/1994, um ársreikninga, sbr. lög nr. 58/2001, um breyting á þeim lögum, og reglugerð nr. 523/2001, um ársreikningaskrá, skil og birtingu ársreikninga. Í mars 2001 var kveðinn upp sýknudómur í Héraðsdómi Reykjavík í sakamálinu nr. 2507/2000, sem höfðað var gegn stjórnarmönnum félags sem ekki höfðu lagt fram til opinberrar birtingar ársreikninga félagsins fyrir árin 1995, 1996 og 1997 þrátt fyrir að fyrir lægi að þeir höfðu verið gerðir og staðfestir á aðalfundum félagsins. Niðurstaða dómsins var að félagaskrá í skilningi 1. gr. laga um ársreikninga hafi ekki verið sett á stofn með lögum eins og áskilið er í lögum og heimild ráðherra til að setja reglugerð um framkvæmd laganna nái ekki til að skipa þessu atriði með reglugerð og því ekki grundvöllur til refsingar vegna vanskilanna. Alþingi breytti lögum um ársreikninga með lögum nr. 58/2001, þannig að skilaskylda ársreikninga til ársreikningaskráar frá og með rekstrarárinu 2000 er ótvíræð.

Á árinu 2001 voru lagðir fram til opinberrar birtingar ársreikningar fyrir rekstrarárið sem lýkur á árinu 2000 fyrir alls 10.192 félög. Áætlað er að skilaskyld félög, þegar tekið hefur verið tillit til félaga sem hætt hafa starfsemi, m.a. vegna gjaldþrota á árunum 2000 og 2001, séu um 12.875. Þegar þessi skýrsla er skrifuð í maí 2002 hafa alls 11.755 félög lagt fram ársreikninga fyrir árið 2000 eða um 91% félaga. Þá hafa í árslok 2001 verið lagðir fram ársreikningar vegna rekstrarársins sem lauk á árinu 1999 fyrir 10.517 félög.



Gjaldaskrifstofa skiptist í tvær deildir. Virðisaukaskattsdeild sinnir fyrst og fremst lögboðnu hlutverki embættisins við framkvæmd virðisaukaskatts, vörugjalds og skilagjalds. Gjaldadeild annast álagningu og aðra framkvæmd þungaskatts, bifreiðagjalds og áfengisgjalds.

Nokkrar breytingar urðu á árinu í starfsmannahaldi. Einn nýr starfsmaður kom til starfa snemma árs. Tveir starfsmenn komu á árinu til starfa á gjaldaskrifstofu af öðrum skrifstofum embættisins, annar þeirra í hálfstarf um mitt ár en hinn í fullt starf undir árslok. Einn starfsmaður hvarf í upphafi árs til annarra starfa innan embættisins, en annar dró á árinu verulega úr starfshlutfalli sínu.

## Breytingar á réttarreglum

Á árinu urðu ekki umfangsmiklar breytingar á réttarreglum varðandi skatta og gjöld sem eru á verksviði skrifstofunnar. Eftirtaldar breytingar voru gerðar:

Lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, var breytt með lögum nr. 57/2001 þar sem kveðið er á um endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna öflunar hópþreifreiða til þeirra er stunda fólksflutninga í atvinnuskyni.

Reglugerð nr. 50/1993, um bókhald og tekjuskráningu virðisaukaskattsskyldra aðila, var breytt með reglugerð nr. 16/2001. Breytingarnar varða aðallega ákvæði um rafrænt bókhald.

Reglugerð nr. 192/1993, um innskatt, var breytt með reglugerð nr. 18/2001. Breytingarnar varða annars vegar innskatt af öflun bifreiða og hins vegar innskattsrétt opinberra þjónustufyrirtækja.

Reglugerð nr. 667/1995, um framtal og skil á virðisaukaskatti, var breytt með reglugerð nr. 741/2001. Breytingarnar varða heimild til raf-rænna skila virðisaukaskatts.

Settar voru nýjar reglur nr. 165/2001, um endurgreiðslu virðisaukaskatts til Norræna fjárfestingarbankans.

Sett var ný reglugerð nr. 540/2001, um tíma-bundna endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna öflunar hópþreifreiða.

Sett var ný reglugerð nr. 541/2001, um endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna sölu hópþreifreiða úr landi.

Gjaldaskrifstofa veitti fjármálaráðuneyti lið við að undirbúa og semja lagafrumvörp og reglugerðir. Breytingar voru kynntar skattstjórum og gjaldendum.

## Lögfræðileg álit og miðlun upplýsinga.

Umfangsmesti þátturinn í starfi virðisaukaskattsdeildar felst í túlkun réttarreglna og miðlun upplýsinga.

Gjaldendur, þeir sem starfa í þeirra þágu svo og starfsmenn skattstjóraembættanna leita í ríkum mæli eftir upplýsingum um gildandi rétt og túlkunum embættis ríkisskattstjóra á réttarreglum. Flestum slíkum fyrirspurnum er svarað munnlega á grundvelli fyrirliggjandi skriflegra gagna. Öðrum fyrirspurnum og þá hinum viðameiri er svarað skriflega, auk þess sem sett eru fram skrifleg álit að eigin frumkvæði þegar tilefni er til. Bréf sem fela í sér túlkun sem ekki hefur fyrr verið sett fram með sama hætti (ákravðandi bréf) eru send öllum skattstjórum, öðrum stjórnvöldum sem málið varðar og samtökum þeirra er sinna skattalegri ráðgjöf. Á árinu sendi deildin frá sér 69 bréf af umræddum toga, þar af 33 ákravðandi bréf. Auk þess gaf deildin 7 umsagnir til Alþingis og ráðuneyta. Þá voru gjaldendum sendar 3 almennar orðsendingar varðandi virðisaukaskatt.

Skattstjórum voru kynntar laga- og reglugerðarbreytingar, dómur og þeir úrskurðir yfirskattanefndar sem almennt gildi þóttu hafa.

Mikilvægur þáttur í samræmingu skattfrumkvæmdar eru fundir sem ríkisskattstjóri stendur fyrir á u.þ.b. 6 mánaða fresti. Fundina sitja starfsmenn skattstjóra og ríkisskattstjóra er koma að framkvæmd virðisaukaskatts, auk full-

trúa fjármálaráðuneytis. Þá sitja fundina fulltrúar annarra embætta eftir því sem umfjöllunarefni gefa tilefni til hverju sinni. Á árinu 2001 voru slíkir fundir haldnir í maí, með um 60 þátttakendum, og í nóvember, með um 30 þátttakendum. Stóð hvor fundur í einn vinnudag og voru tekin fyrir þau málefni er hæst bar varðandi framkvæmd virðisaukaskatts.

Starfsmenn skrifstofunnar fluttu fyrirlestra og sátu fyrir svörum á fundum og námskeiðum sem haldin voru af ýmsum samtökum og félögum atvinnulífsins.

### Kröfugerðir í kærumálum fyrir yfirskattanefnd

Meðal lögboðinna hlutverka ríkisskattstjóra er að koma fram fyrir hönd gjaldkrefjenda í ágreiningsmálum sem skotið er til yfirskattanefndar. Ríkisskattstjóri færir fram rökstuðning fyrir hönd gjaldkrefjenda og aflar nauðsynlegra gagna frá viðkomandi skattstjóra. Gjaldaskrifstofa fer með þetta hlutverk að því er varðar þau gjöld er undir hana heyra. Hér á eftir fer yfirlit yfir fjölda mála af umræddum toga á árinu 2001 og samanburður við árið 2000.

	2001	2000
Fjöldi mála í upphafi árs	14	13
Fjöldi mála sem bárust á árinu	62	68
Fjöldi afgreiddra mála á árinu	65	67
Fjöldi óafgreiddra mála í árslok	11	14

### Skatterindi

Ríkisskattstjóra er í lögum falin heimild til að breyta skattákvörðun skattstjóra telji hann ástæðu til. Gjaldaskrifstofa fer með þetta vald að því er varðar gjöld er henni heyra til. Að jafnaði kemur ekki til slíkra breytinga nema að gjaldandi óski þess og færi fram gildar forsendur breytinga. Að því er varðar óskir um breytingar á virðisaukaskatti fyrir uppgjörstímabil yfirstandandi eða nýliðins árs hefur ríkisskattstjóra falið skattstjórum að taka afstöðu til

erinda gjaldenda. Mikill meirihluti slíkra erinda berst skattstjórum á forminu „Leiðréttingarskýrsla virðisaukaskatts“ í kjölfar árssamanburðar á virðisaukaskattsskilum annars vegar og bókhaldi og ársreikningi hins vegar. Á árinu 2000 var skilgreint með viðtækari hætti en áður hvaða erindi af umræddum toga skattstjóri skuli afgreiða. Skýrir það fækkun erinda á síðast liðnum árum sem afgreidd eru af ríkisskattstjóra. Umfang þessa verkþátta gjaldaskrifstofu hefur þó engan veginn dregist saman í réttu hlutfalli við fækkun mála, þar sem skrifstofan afgreiðir eftir sem áður hin umfangsmeiri mál. Hér fer á eftir yfirlit yfir fjölda skatterinda sem gjaldaskrifstofa tók til afgreiðslu á árinu 2001 og samanburður við árið 2000.

	2001	2000
Óafgreidd erindi í upphafi árs	14	103
Erindi sem bárust á árinu	66	174
Fjöldi erinda framsend skattstjóra	13	57
Fjöldi afgreiddra erinda á árinu	46	206
Fjöldi óafgreiddra erinda í árslok	21	14

### Tölvukerfi

Ríkisskattstjóraembættið á tölvukerfin VSK-2000, sem er álagningarkerfi virðisaukaskatts, og Trukk, sem er álagningarkerfi þungaskatts. Rekstur kerfanna er í höndum Skýrr hf. samkvæmt samningum þar um. Umsjón með kerfunum og vinnslum í þeim er hins vegar í höndum starfsmanna gjaldaskrifstofu í samvinnu við tæknideild. Í umsjón VSK-2000 felst m.a. undirbúningur og samskipti við Skýrr vegna áritunar vsk-skýrslna, vélrænna áætlana, flutnings upplýsinga úr og í tekjubókhaldskerfi, álagningarvinnslna og vélrænnar gerðar tilkynninga um álagningu. Jafnframt felst í umsjóninni uppsetning kerfisins hjá notendum, uppfærsla handbókar um notkun þess, aðstoð við notendur og samskipti við Skýrr í því sambandi. Ennfremur skoðun daglegra lista yfir færslur og viðeigandi aðgerðir eftir því sem tilefni gefst til. Umsjón

með Trukki felur í sér samsvarandi verkþætti. Á árinu var unnið að breytingum á Trukki með það fyrir augum að nota hann við álagningu bifreiðagjalds.

### Samstarfsverkefni

Á árinu var tekin upp sú nýbreytni að gefa gjaldendum virðisaukaskatts kost á að senda virðisaukaskattsskýrslur sínar rafrænt til skattstjóra um upplýsingavef ríkisskattstjóra og jafnframt að greiða skattinn rafrænt í gegnum vefbanka. Heimild til rafrænna skila veitir ríkisskattstjóri á

grundvelli skriflegrar umsóknar gjaldanda. Í heimildinni felst að virkjaður er til skilanna sérstakur veflykill, 128 bita öryggislykill með SSL-tengingu. Starfsmenn gjaldaskrifstofu unnu að vefskilunum í samvinnu við stjórnunarskrifstofu og tæknideild.

Að því er þau gjöld varðar, er heyra undir gjaldaskrifstofu, kemur skrifstofan í samvinnu við skattaskrifstofu að úrlausn mála er berast frá skattrannsóknarstjóra ríkisins.

Starfsmenn gjaldaskrifstofu leiðbeina á námskeiðum sem haldin eru á vegum skatta-

<b>Virðisaukaskattur</b>	2001 m.kr.	2000 m.kr.	Hlutfallsleg breyting
<b>Velta:</b>			
Velta til 14,0% skatts	190.698	177.338	7,5%
Velta til 24,5% skatts	712.395	656.561	8,5%
Skattskyld velta, áætluð	57.944	94.936	-39,0%
Undanþegin velta	396.278	313.836	26,3%
Heildarvelta	1.357.315	1.242.671	9,2%
<b>Virðisaukaskattur:</b>			
Innskattur	172.450	157.732	9,3%
Útskattur (án áætlana)	201.239	185.685	8,4%
Útskattur áætlaður	14.028	22.996	-39,0%
Álag	1.732	2.567	-32,5%
VSK af innlendum viðskiptum	44.549	53.516	-16,8%
VSK ákvarðaður við innflutning	49.287	47.087	4,7%
Álagður virðisaukaskattur alls	93.836	100.603	-6,7%
<b>Endurgreiðslur:</b>			
Vegna íbúðarhúsnæðis	1.176	958	22,8%
Til opinberra aðila	1.801	1.789	0,7%
Til orkuveitna	135	133	1,5%
Til veitingastaða	788	690	14,2%
Til manna búsettra erlendis	232	190	22,1%
Til erlendra fyrirtækja	140	90	55,1%
VSK að frádregnum endurgreiðslum	89.564	96.753	-7,4%

fræðslu RSK, skipuleggja námsefni og útbúa námskeiðsgögn, varðandi þau gjöld er undir skrifstofuna heyra.

Starfsmenn skrifstofunnar sátu í ýmsum starfshópum og nefndum um afmörkuð verkefni ýmist á vegum embættisins eða fjármálaráðuneytis.

### Virðisaukaskattur

Á árinu 2001 voru 4.095 nýskráningar á grunnskrá virðisaukaskatts, en 4.489 afskráningar á sama tíma, samanborið við 4.698 nýskráningar og 3.468 afskráningar á árinu 2000. Í árslok 2001 voru virkar skráningar 34.773 talsins. Hlutfallsleg skipting þeirra milli umdæma var: Reykjavík 38,5%, Reykjanes 24,5%, Vesturland 5,4%, Vestfirðir 3,8%, Norðurland vestra 4,3%, Norðurland eystra 8,1%, Austurland 5,5%, Suðurland 8,6% og Vestmannaeyjar 1,2%.

Hér að framan (bls. 17) er yfirlit yfir álagningu og endurgreiðslur virðisaukaskatts vegna ársins 2001 og þær fjárhæðir bornar saman við fjárhæðir vegna ársins 2000.

### Vörugjald

Í lok árs 2001 var að finna eftirfarandi skráningar á grunnskrá vörugjalds: Framleiðendur gjaldskyldrar vöru voru 115. Þar af höfðu 102 skírteini til hráefniskaupa án vörugjalds. Heildsalar gjaldskyldrar vöru, sem heimild höfðu til uppgjors vörugjalds miðað við breytingar á birgðastöðu voru 15. Samtals voru því aðilar skráðir vegna gjaldskyldra viðskipta innanlands 130 talsins. Handhafar skírteina til kaupa aðfanga án vörugjalds til ógjaldskyldrar framleiðslu voru 107. Skráðir réttthafar endurgreiðslna vörugjalds af innfluttum vörum, vegna endursölu til skírteinishafa voru 54. Skráðir réttthafar niðurfellingar vörugjalds við innflutning af hráefni til eigin nota voru 28.

Álagt vörugjald af viðskiptum innanlands á árinu 2001 nam 666 milljónum króna. Vörugjald ákvarðað við innflutning, að teknu tilliti til niður-

fellinga og endurgreiðslna, nam á árinu 2001 2.202 milljónum króna. Alls nam vörugjald ársins 2001 því 2.868 milljónum króna, sem er 1,9% hækkun frá 2.814 milljónum króna á árinu 2000.

### Skilagjald

Gjaldendum skilagjalds á einnota umbúðir drykkjarvara vegna framleiðslu eða átöppunar innanlands fjölgaði um einn á árinu 2001, þar sem tveir nýir gjaldendur voru færðir á grunnskrá en einn afskráður. Fjöldi skráðra gjaldenda í árslok var níu. Álagt skilagjald þeirra nam 404 milljónum króna á árinu 2001, samanborið við 386 milljónir króna á árinu 2000. Ákvarðað skilagjald við innflutning nam á árinu 2001 kr. 152 milljónum króna, en nam 140 milljónum króna á árinu 2000. Samtals nam því skilagjald ársins 2001 556 milljónum króna, sem er 5,7% hærra en árið áður.

### Pungaskattur

Af ökutækjum sem nota annað eldsneyti en bensín skal greiddur þungaskattur. Gjaldadeild annast álagningu skattsins, sinnir upplýsingagjöf þar að lútandi, úrskurðar í kærumálum og hefur eftirlitshlutverki að gegna. Þá ákvarðar deildin sektir vegna formbrota sem ekki hafa leitt til vantans aksturs. Þungaskattur ákvarðast á tvenns konar grundvelli. Annars vegar er fast gjald ákvarðað fyrirfram fyrir hálf ár í senn. Hins vegar er gjald fyrir hvern ekinn kílómetra ákvarðað eftirá fyrir þriðjung árs í senn. Í báðum tilvikum ræðst gjaldhæð af þyngd ökutækja. Fast gjald var lagt á vegna um 15.600 ökutækja á árinu 2001, samanborið við um 13.800 ökutæki á árinu 2000. Kílómetragjald var lagt á vegna um 11.000 ökutækja á árinu 2001, samanborið við um 10.700 ökutæki á árinu 2000. Gjaldskrá kílómetragjalds var lækkuð um 10% frá 11. febrúar 2001.

Hér fer á eftir yfirlit yfir álagðan þungaskatt á árinu 2001 og samanburður við álagningu árs-



ins 2000. Miðað er við stöðu álagningar í lok árs. Meðtaldar eru þær áætlanir kílómetragjalds er þá stóðu. Um nokkurn fjölda áætlana er að ræða, einkum vegna síðasta gjaldtímabils ársins.

Gjaldflokkur:	2001	2000	Breyting
	m.kr.	m.kr.	%
Fast gjald	2.299	2.099	9,5%
Kílómetragjald	2.658	2.612	1,8%
Samtals	4.957	4.711	5,2%

Við kærumeðferð á árinu 2001 voru felldar niður 2.478 áætlanir og skattur í stað þess ákvarðaður á grundvelli síðbúins álestrar af öikumælum eða að virtum breytingum á gjaldflokkum, samanborið við 1.738 slík mál á árinu 2000. Fjölgun áætlana milli ára má að mestu leyti rekja til rekstrartruflana í tölvukerfum, sem leiddu til þess að innfærðar niðurstöður álestra komu ekki fram við álagningarvinnslur. Önnur skráð mál vegna þungaskatts voru á árinu 2001 1.975 talsins, samanborið við 2.613 slík mál á árinu 2000. Þar af lauk 757 málum á árinu 2001 með uppkvaðningu formlegra kærúrskurða, saman borið við 804 úrskurði á árinu 2000. Sektarákvarðanir voru 215. Alls voru vegna framkvæmdar þungaskatts rituð 1.895 bréf til gjaldenda á árinu 2001, samanborið við 1.862 slík bréf á árinu 2000. Almennar orðsendingar varðandi þungaskatt sendar gjaldendum voru 4.

### Bifreiðagjald

Bifreiðagjald var lagt á vegna um 143.000 bifreiða, tvisvar sinnum á árinu 2001 vegna hálfis árs í senn, sem hér segir:

	m.kr.
Heildarálagning á gjaldtímabili 2001 01	1.423
Niðurfelld gjöld á gjaldtímabili 2001 01	125
Heildarálagning á gjaldtímabili 2001 02	1.471
Niðurfelld gjöld á gjaldtímabili 2001 02	133
Álagning ársins að frádregnum niðurfellingum	2.636

Vegna hvors gjaldtímabils voru strax við álagningu felld niður gjöld af um 14.000 bifreiðum og vóg þáttur bifreiða bótaþega þar langþyngst, en auk þeirra voru felld niður gjöld af bifreiðum sem eru 25 ára og eldri og af bifreiðum björgunarsveita.

Um 2.200 breytingar voru gerðar á bifreiðagjöldum eftir álagningu. Þar af vörðuðu um 1.100 niðurfellingu til bótaþega og rúmlega 400 voru vegna eigendaskipta bifreiða.

Til samanburðar má geta þess að ríkisskattstjóri lagði bifreiðagjald fyrst á fyrir síðara gjaldtímabil ársins 2000 og nam álagt gjald að frádregnum niðurfellingum um 1.300 milljónum króna vegna um 143.000 bifreiða.

### Áfengisgjald

Gjaldadeild annast álagningu áfengisgjalds af innlendri framleiðslu og eftirlit með starfsemi innlendra framleiðenda, sem voru fimm á árinu 2001. Skattstjórnarnir á Vesturlandi og Norðurlandi eystra önnuðust eftirliti í sínum umdæmum, í umboði ríkisskattstjóra.

Hér á eftir fer yfirlit yfir álagt áfengisgjald af innlendri framleiðslu á árinu 2001 og samanburður við árið 2000.

Gjald af:	2001	2000	Hækkun
	m.kr.	m.kr.	%
Bjór	1.233	1.127	9,4%
Öðru áfengi	221	198	11,6%
Samtals	1.454	1.326	9,7%

Áfengisgjald ákvarðað við innflutning nam á árinu 2001 4.595 milljónum króna, samanborið við 4.470 milljónir króna á árinu 2000. Samtals nam áfengisgjald af innlendri framleiðslu og innfluttu áfengi 6.049 milljónum króna, sem er um 4,4% hækkun frá 5.796 milljónum króna á árinu 2000.

# EFTIRLITSSKRIFSTOFA

**Forstöðumaður: Ásgeir Heimir Guðmundsson**  
**Fjöldi ársverka: 7,9**

Ríkisskattstjóri hefur með höndum yfirstjórn skatteftirlits eins og fram kemur í 102. gr. laga nr. 75/1981 og er því hlutverki sinnt af eftirlitsskrifstofu. Helstu verkefni eftirlitsskrifstofu eru að hafa umsjón með skipulagi eftirlits, gerð samræmdra eftirlitsáætlana og leiðbeininga í tengslum við eftirlit og sjá um söfnun, greiningu og úrvinnslu upplýsinga sem tengjast skatteftirliti. Ennfremur fylgist eftirlitsskrifstofa með eftirlitsstörfum starfsmanna skattkerfisins, hefur umsjón með greiningu atvinnugreina, prófun eftirlitsaðgerða og þróun aðferða við skatteftirlit.

Þá hefur eftirlitsskrifstofa umsjón með söfnun og dreifingu upplýsinga á grundvelli aðstoðarsamnings í skattamálum sem og framsendingu ábendinga á milli skattumdæma, umsjón með skoðun og afgreiðslu erinda sem tengjast fyrirkomulagi bókhalds og tekjuskráningar og fylgist með þróun á tölvukerfum/tölvuhugbúnaði og hverskonar pappírslausum viðskiptum í atvinnulífinu.

Á síðustu misserum hefur eftirlitsskrifstofa fengið fleiri verkefni, eins og eftirlit með iðgjaldagreiðslum í lífeyrissjóði og sundurliðun búnaðargjalds.

## Eftirlitsáætlun

Ríkisskattstjóri skal árlega semja áætlun um eftirlitsaðgerðir á sínum vegum og á vegum skattstjóra í samráði við þá. Við gerð slíkrar áætlunar er haldið áfram að þróa áætlanagerð í eftirliti frekar, en sífellt er unnið að endurskoðun og endurbótum á eftirlitsáætlun ársins, í ljósi fenginnar reynslu frá fyrri áætlunum.

Á síðara hluta ársins 2001 hófst undirbúningur fyrir eftirlitsáætlun 2002-2003. Í þeirri áætlun verður m.a. reynt að styðjast við áhættugreiningu við val á aðilum til skoðunar og einnig verður lögð áhersla á ný vinnubrögð við skoðun á aðilum. Samhliða var unnið að leiðbeiningagerð í tengslum við eftirlitsáætlunina.

## Eftirlit með iðgjaldagreiðslum

Með lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða sem tóku gildi 1. júlí 1998, var ríkisskattstjóra falið að hafa eftirlit með því að lífeyrisiðgjald sé greitt vegna hvers einstaklings sem skyldutrygging lífeyrisréttinda nær til. Á árinu 2001 var aflað upplýsinga frá lífeyrissjóðum um greidd iðgjöld einstaklinga vegna ársins 2000. Þær upplýsingar voru síðan keyrðar saman við upplýsingar úr framtölum einstaklinga, m.v. tíund af iðgjaldsstofni sem samanstendur af launum, reiknuðu endurgjaldi og atvinnuleysisbótum. Í ljós kom að 11.645 einstaklingar, að teknu tilliti til ákveðinna vikmarka, reyndust með vangoldin iðgjöld. Listar yfir einstaklinga með vangoldin iðgjöld voru sendir viðeigandi lífeyrissjóðum, en upplýsingar um þá einstaklinga sem ekki voru merktir lífeyrissjóði voru sendar Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda. Lífeyrissjóðirnir sjá alfarið um innheimtu á hinum vangoldnu iðgjöldum og hefur Fjármálaráðuneytið gefið út reglur til þess að samræma vinnubrögð þeirra.

Á árinu 2001 kallaði eftirlitsskrifstofa einnig eftir upplýsingum um innheimtu lífeyrissjóðanna vegna ársins 1999 og framsendi þær upplýsingar til Fjármálaeftirlitsins.



## Upplýsingaskipti á milli landa

Eftirlitsskrifstofa annast upplýsingaskipti við erlend skattfyrvöld á grundvelli aðstoðarsamnings í skattamálum og tvísköttunarsamninga Íslands við erlend ríki. Eru það annars vegar skipti á reglulegum upplýsingum og hins vegar skipti á tilfallandi upplýsingum.

Eftirlitsskrifstofa hefur séð um útsendingu upplýsinga, sem sendar eru út árlega um einstaklinga sem hafa tekjur og eignir hér á landi en eru með heimilisfesti í öðru landi og bera því takmarkaða skattskyldu hér á landi. Sendar hafa verið upplýsingar til Norðurlandanna og þeirra landa sem Ísland er með tvísköttunarsamninga við. Á síðasta ári voru sendar upplýsingar vegna 1.168 einstaklinga til 15 landa.

Á árinu hófst undirbúningur við að greina, skrá og kortleggja aðsendar reglulegar upplýsingar. Upplýsingar bárust frá Danmörku, Svíþjóð og Grænlandi vegna tekjuársins 2000, frá Danmörku og Frakklandi vegna tekjuársins 1999 og frá Bretlandi vegna tekjuáranna 1997-2000. Áður höfðu borist upplýsingar frá Bandaríkjunum vegna tekjuársins 1998.

Tilfallandi upplýsingar eru upplýsingar sem upp koma við skatteftirlit. Annars vegar getur verið um að ræða eftirlitsupplýsingar sem ís-

lensk skattfyrvöld framsenda skattfyrvöldum á Norðurlöndum eða eftirlitsupplýsingar sem íslensk skattfyrvöld fá framsend frá Norðurlöndunum. Hins vegar beiðnir frá einu landi til annars um að veita upplýsingar um tiltekinn aðila. Á árinu 2001 bárust ríkisskattstjóra 15 erindi frá erlendum skattfyrvöldum. Af þeim voru 5 framsend til skattstjóra en 6 var svarað af ríkisskattstjóra. Í vinnslu um áramót voru 4 erindi. Eftirlitsskrifstofa fékk framsend 4 erindi frá skattstjórum og voru 3 þeirra framsend erlendum skattfyrvöldum, en 1 erindi var í vinnslu í árslok.

## Bókhald og tekjuskráning

Sífelld færast í vöxt að rekstraraðilar sækja um undanþágu frá hefðbundinni tekjuskráningu, þ.e. frá sjóðvélum og reikningum í þríriti, enda sjá þeir hagræði í því að nota önnur tekjuskráningar- og upplýsingakerfi. Þannig hafa eftirlitsskrifstofu borist beiðnir um að fá t.d. að nota; reikninga sem tölvukerfi sér um að númera sjálft í stað fyrirfram tölusettra reikninga, reikninga í einriti í stað þrírits þar sem afrit verði geymd í óslitinni númeraröð á tölvutæku formi, A-gíröseðla í einriti og greiðsluseðla í stað reikninga.

Í byrjun ársins voru gerðar breytingar á reglugerð um rafrænt bókhald, geymslu rafrænna gagna, og lágmarkskröfur til rafrænna bókhaldskerfa og einnig á reglugerð um bókhald og tekjuskráningu virðisaukaskattsskyldra aðila. Báðar þessar reglugerðir varða reglur um tekjuskráningu.

Þessar breyttu reglur hafa í för með sér að ekki þarf að sækja formlega um jafnmargar heimildir og fyrr til að nýta þá tækni sem nýjustu tekjuskráningar- og upplýsingakerfi bjóða upp á. Einnig var skerpt á kröfum til seljenda rafrænna bókhaldskerfa og gerðar eru ríkari og ítarlegri kröfur en áður til forms þeirra tekjuskráningargagna sem legið geta til grundvallar innskatti í bókhaldi.

Á árinu var mikið unnið með hugbúnaðar-fyrirtækjum í sambandi við túlkun á einstökum ákvæðum reglugerðar um rafrænt bókhald. Einnig var unnið að því að koma öllum samskiptum vegna tekjuskráningarerinda í fastan farveg þannig að svör við innsendum erindum yrðu sem mest í stöðluðu formi.

Á árinu bárust 217 tekjuskráningarerindi og afgreidd voru 129.

Haft var samband við hugbúnaðarfyrirtæki, sem þjónusta umsækjendur um tekjuskráningarheimildir, og beðið um upplýsingar um bókhaldskerfi sem viðkomandi fyrirtæki höfðu á markaði. Þar sem ekki lá ljóst fyrir fyrr en seint á árinu eða jafnvel ekki fyrr en eftir árslok hvort ákveðin bókhaldskerfi teldust rafræn eða ekki reyndist ekki unnt að afgreiða allstóran hluta fyrirbyggjandi tekjuskráningarerinda á árinu.

## Vettvangseftirlit

Einn starfsmaður eftirlitsskrifstofu hefur sinnt svokölluðu vettvangseftirliti. Hlutverk hans er að kanna hvort fyrirtæki og rekstur sé skráður, hvort tekjuskráning sé í lagi, hvort velta rekstrarins sé eðlileg og hvort starfsmenn á vinnustað séu skráðir.

Upplýsingarnar eru síðan sendar eftirlitsein-ingum skattstjóra.

Á síðasta ári voru 470 aðilar heimsóttir, en fjöldi heimsókna var 579. Athugasemdir voru gerðar við 167 aðila.

## Bifreiðahlunnindaátak

Lögð var lokahönd á bifreiðahlunnindaátak ríkisskattstjóra og skattstjóra er fór af stað um mitt árið 2000. Í samráði við skattstjóraembættin var ákveðið að eftirlitsskrifstofa myndi senda þeim launagreiðendum sem ekki höfðu svarað fyrri bréfum ítrekunarbréf. Eftirlitsskrifstofa fram-sendi þau svör sem bárust til viðkomandi skatt-stofu til frekari skoðunar.

Á haustmánuðum aflaði eftirlitsskrifstofa RSK upplýsinga um niðurstöður eftirlitsins. Athygli vakti, hve stór hluti launagreiðenda taldi launamenn hafa engin afnot af bifreið/um í þeirra eigu. Í framhaldi af upplýsingaöflun var gefin út skýrsla með niðurstöðum eftirlitsins. Þá setti eftirlitsskrifstofa, í samvinnu við eftirlitsein-ingarnar, fram tillögur til úrbóta í tengslum við bifreiðahlunnindi. Að lokum var mótaður verk-ferill með það að leiðarljósi að samræma eftirlit með bifreiðahlunnindum á milli skattumdæma.





## Búnaðargjald

Eftirlitsskrifstofa hefur á síðustu tveimur árum unnið að samantekt heildartalna um skiptingu tekna af búnaðargjaldi milli einstakra búgreina samkvæmt fyrirliggjandi sundurliðunum úr framtölum búnaðargjalds. Skattstjórar leggja á búnaðargjald og ber gjaldskyldum aðilum að sundurliða gjaldstofn sinn eftir búgreinum, og á grundvelli þeirrar sundurliðunar er tekjum af búnaðargjaldi skipt á milli einstakra sjóða og samtaka landbúnaðarins.

Eftirlitsskrifstofa aflaði upplýsinga um álagt búnaðargjald á árinu 2000 frá skattstjórum og sundurliðun gjaldstofns eftir búgreinum samkvæmt framteljendum. Voru niðurstöðurnar sendar Ríkisbókhaldi. Bændasamtök Íslands vildu auk skiptingar á milli einstakra búgreina, einnig fá skiptingu eftir sveitarfélögum og var orðið við þeirri beiðni.

## Ábendingar

Nokkuð er um að ábendingar berist eftirlitsskrifstofu um hugsanlegar rangfærslur eða undandrätt frá sköttum. Á árinu 2000 bárust eftirlitsskrifstofu 93 almennar ábendingar varðandi undandrätt eða skattsvik. Af þeim voru 90 sendar skatteftirliti ríkisskattstjóra og skattstofnum í Reykjavík og Hafnarfirði en 3 ábendingar gáfu ekki tilefni til frekari athugunar.

## Ýmis önnur mál

Eftirlitsskrifstofa vann auk þess að fjölmörgum öðrum málum á árinu, m.a. í samráði við eftirlitseiningar skattstjóra og ríkisskattstjóra. Má þar nefna gerð eyðublaða vegna hlutabréfaviðskipta og aðila sem bera takmarkaða skattskyldu hér á landi.

Á árinu var einnig komið að vinnu í sambandi við nýjar reglugerðir og breytingar á eldri reglugerðum.

Auk þess tóku starfsmenn eftirlitsskrifstofu þátt í starfshópum og kenndu á þjónustunámsskeiðum hjá RSK.

## Fundur

Sóttur var fundur í Svíþjóð í júní, er fjallaði um viðskipti á netinu.

Í september var sóttur árlegur fundur yfirmanna skatteftirlits á Norðurlöndum sem haldinn var í Færeyjum.

# SKATTEFTIRLIT

## RÍKISSKATTSTJÓRA

Forstöðumaður: Guðni Ólafsson  
Fjöldi ársverka: 7,0

Skatteftirlit ríkisskattstjóra sinnir skatteftirliti í skattumdæmum utan Reykjavíkur- og Reykjanesumdæma, í samvinnu og samráði við skattstjóra viðkomandi umdæma. Sérstakur eftirlitsfulltrúi er staðsettur hjá skattstjóranum í Vesturlandsumdæmi og sinnir hann eftirliti í því umdæmi undir stjórn skattstjóra. Árið 2001 var fimmta starfsár skatteftirlits ríkisskattstjóra í núverandi formi.

### Deildir

Starfsemi skatteftirlits ríkisskattstjóra er formlega skipt upp í tvær deildir, annars vegar eftirlitsdeild og hins vegar úrskurðadeild. Eftirlitsdeildin sér um skatteftirlit, sem felur í sér heimsóknir á starfsstöðvar gjaldenda í vettvangs- og bókhaldsskoðanir og ritun fyrirspurnarbréfa og boðunarbréfa um gjaldabreytingar. Úrskurðadeildin sér um að endurákvæða í þeim málum sem fá slíka meðferð, auk þess að framkvæma skýrslutökur. Ennfremur aðstoða starfsmenn úrskurðadeildar við skatteftirlit.

### Skipting verkefna

Eftirlitsverkefnum er skipt í eftirlit innan ársins annars vegar og eftirlit eftir álagningu hins vegar. Eftirlit innan ársins getur beinst að þeim sköttum sem standa skal skil á innan ársins, þ.e. virðisaukaskatti, staðgreiðslu, tryggingagjaldi og vörugjaldi. Eftirlitið getur falist í reglulegu og sértæku eftirliti. Reglulegt eftirlit felst þannig í almennri könnun á skilum eins eða fleiri tímabila, á meðan sértækt eftirlit felst í því að kanna afmarkaða þætti innan hvers skattflokks, t.d. ef eingöngu er kannaður innskattur í virðisaukaskattsskilum viðkomandi. Með eftirliti eftir álagningu er átt við gagnrýna endurskoðun á framtölum gjaldenda. Þetta eftirlit skiptist einnig í reglulegt eftirlit, sem felst í að skoða skattskil gjaldenda almennt, og sértækt eftirlit, sem felst í skoðun afmarkaðra atriða sem tengjast skattskilum fyrri ára hjá gjaldendum.

### Verkefni ársins

Á árinu 2001 var ekki í gangi nein fyrirfram ákveðin samræmd áætlun heldur var einungis unnið í þeim málum sem skattstjórar sendu skatteftirlitinu til skoðunar.



### Afgreiðsla mála hjá skatteftirliti ríkisskattstjóra

Í lang flestum tilvikum afgreiðir skatteftirlit ríkisskattstjóra þau mál sem unnið er að á þann hátt að þeim er lokið á því stjórnslustigi, þ.e.a.s. að ef tilefni er til breytinga á opinberum gjöldum í framhaldi af skoðun, þá framkvæmir skatteftirlit ríkisskattstjóra þá breytingu. Máli lýkur þá með úrskurði um endurákvörðun, sem kærannlegur er til yfirskattanefndar. Skattstjórar hafa einnig framkvæmt gjaldabreytingar í tilteknum málum, sem skatteftirlit ríkisskattstjóra hefur aðstoðað við að upplýsa.

### Tölulegar upplýsingar

Breytingar á opinberum gjöldum og virðisaukaskatti samkvæmt endurákvörðunum:

	2001	2000
Opinber gjöld	42.230.742	30.474.938
Virðisaukaskattur	11.478.950	9.459.612
Tryggingagjald	374.947	217.547
Álag á vangreidda staðgreiðslu	942.073	0
Lækkun yfirfæranlegs taps *	-10.287.239	9.105.754

### Málafjöldi :

	2001	2000
Stofnuð ný mál á árinu	137	247
Í vinnslu f.f.ári	185	132
Lokið á árinu	114	138
Fjöldi endurákvörðana	53	52
Framsent til SRS	2	4
Í vinnslu um áramót	153	185

\* Hækkun á rekstrartekjum hjá einstaklingi leiddi til hækkunar á yfirfæranlegu tapi há félags tengdu honum.

Tæknideild sér um og hefur eftirlit með smíði og rekstri alls hugbúnaðar fyrir skattkerfið. Þá sér deildin um rekstur gagnaflutningsnets og endurnýjun, viðhald og rekstur vélbúnaðar fyrir stærstan hluta skattkerfisins. Í lok ársins var rekstrarsvið tæknideildar fært til skattaskrifstofu og með því rekstur staðgreiðslukerfisins og tengd verkefni. Deildin skiptist eftir þessa breytingu í hugbúnaðarsvið og vélbúnaðarsvið.

## Hugbúnaðarmál

Á árinu 2001 var mikil áhersla lögð á rafræn skil og vinnslu og aukna þjónustu við bæði skattaðila og skattstofur. Þess sér stað í aukinni áritun fjárhagsupplýsinga á skattframtal, áframhaldandi þróun vefframtals, rafrænum skilum ársreikninga, opnun rafrænna skila á virðisaukaskattsskýrslum og greiðslum og undirbúningi rafrænna skila á staðgreiðslu og tryggingagjaldi.

Eins og á árinu 2000 var mikil vinna lögð í áætlanagerð í upphafi árs sem lokið var í marsbyrjun með skilum áætlunar til fjármálaráðuneytis, Tölvukerfi skattfyrvalda - Rekstur og þróun á árunum 2001-2002. Hugbúnaðarhluti áætlunarinnar var frábrugðinn áætlun fyrra árs þar sem nú var að stærstum hluta byggt á föstum samningum við hugbúnaðarhús.

Í upphafi ársins voru miklar annir við að undirbúa aukna áritun upplýsinga á skattframtöl. Áritaðar voru upplýsingar frá á annað hundrað launagreiðendum, þar með talið flestum þeim stærstu. Þá voru einnig áritaðar upplýsingar frá Tryggingastofnun, Atvinnuleysis-tryggingasjóði, Fasteignamati, Skráningarstofu og LÍN. Hugbúnaðarvinna vegna þessa var talsverð og einnig var umtalsverð vinna tengd því að fara yfir og vinna úr aðsendum upplýsingum.

Þar sem framtalseyðublöðum var vélþakkað í fyrsta sinn voru strikamerkingar nýttar til þökkunar á aukablöðum í samræmi við ætlaðar þarfir framteljenda.

Vefframtalið var þróað áfram og fleiri blöð gerð aðgengileg á vefnum en áður. Þá var í

fyrsta sinn boðið upp á bráðabirgðaútreikning við skil á skattframtali á vefnum.

Rafræn skil frá endurskoðendum og bókurum voru með svipuðu sniði og áður, en þeim bauðst einnig að skila fleiri blöðum rafrænt en áður. Þá gátu þeir skilað ársreikningum rafrænt.


Rafræn skil skattframtala einstaklinga hafa aukist með ævintýralegum hætti, eða úr 35% árið 2000 í 63% árið 2001, sem var fram úr björtustu vonum. Þá var um 90% framtala lögð aðila skilað rafrænt. Þau framtöl sem skilað er rafrænt fara í gegnum vélræna regluprófun og voru um 40% framtala samþykkt til álagningar án aðkomu starfsfólks árið 2001. Starfsfólk getur eigi að síður tekið ákvörðun um að skoða þessi framtöl ef ástæða þykir til. Önnur framtöl, sem skilað var rafrænt, var farið yfir með hliðsjón af niðurstöðum regluprófunar.

Pappírsframtöl voru almennt meðhöndluð með hefðbundnum hætti í stórtölvuumhverfi Skýrr. Þó var tekin upp sú nýbreytni á Akureyri að framtöl sem bárust á pappír voru færð inn í kerfið með hjálp vefframtalsins, ef þess var nokkur kostur. Síðan voru þau meðhöndluð eins og framtöl sem bárust rafrænt og nutu flestra þeirra kosta sem því fylgja. Í ljósi þessarar reynslu verður innskráning og meðhöndlun þróuð áfram með það að takmarki að öll framtöl hljóti sambærilega meðferð.

Þann 1. apríl 2001 kom upp vandamál við rekstur vefframtalsins sem gerði að verkum að ekki þótti óhætt annað en að loka því einn dag. Engin gögn töpuðust og voru gerðar breytingar sem fyrirbyggja sams konar vandamál í framtíðinni.

Undirbúningur rafrænna skila á virðisaukaskatti hófst árið 2000. Forritunarvinna fór fram á árinu 2001 og voru fyrstu skil með nýjum hætti í byrjun apríl. Óvæntar tafir í bankakerfinu varðandi svokallaðan Kröfupott gerðu þó að verkum að full skil með greiðslu gátu ekki hafist fyrr en í desember 2001.

Á árinu 2001 hófst undirbúningur rafrænna skila á staðgreiðslu og tryggingagjaldi með sambærilegum hætti og skilin á virðisauka-



skatti. Byggt var á fenginni reynslu af virðis-  
aukaskattsskilunum en ýmsir þættir voru flókn-  
ari. Kerfin sem tengja þurfti rafrænu skilin við  
voru komin til ára sinna, skjölun að einhverju  
leyti úrelt og gagnamagnið gríðarlegt. Þá var frá  
upphafi gengið út frá því að auk vefskila yrði  
boðið upp á skeytaskil.

Skeytaskil eru ný leið þar sem boðið er upp  
á bein samskipti við launakerfi með svokölluð-  
um XML skeytum. Þessi leið er áhugaverður  
kostur og líkleg til að verða nýtt við mörg verk-  
efni í framtíðinni.

Sögukerfinu var haldið við á árinu, en ákveð-  
in óvissa skapaðist við að lykilstarfsmenn hjá  
sölu- og þjónustuaðila kerfisins hættu með litlu-  
m fyrirvara á viðkvæmum tíma í upphafi ársins.  
Ákveðið var að semja við þessa starfsmenn um  
áframhaldandi viðhald kerfisins, enda ljóst að  
fyrst um sinn væri ekki til staðar nauðsynleg  
sérþekking hjá fyrri þjónustuaðila. Á síðari hluta  
ársins fóru fram samningaviðræður um afnota-  
gjöld og hugverkaréttindi tengd Sögu, í ljósi  
aukinnar notkunar, verðlagsbreytinga o.fl.  
Greiðsluákvæði fyrri samnings voru endurskoð-  
uð og hækkuðu samningsgreiðslur umtalsvert.

Í lok ársins var ákveðið að vandlega athug-  
uðu máli að láta smíða nýtt og sveigjanlegra  
kerfi sem í ljósi fyrri reynslu skyldi vera að öllu  
leyti í eigu RSK og betur samhæft við Windows  
umhverfið, en Sögukerfið. Þetta kerfi hlaut nafn-  
ið Harpa og var stefnt að því að taka það í notk-  
un í áföngum árið 2002. Ætlunin er að byggja  
svokallaðan handreikning og skattbreytingar inn  
í þetta nýja kerfi.

Á vordögum var unnið að gjörbreyttum  
álagningarseðli, bæði skattseðli og innheimtu-  
seðli. Hugmyndin var að gera seðilinn læsilegri.  
Þetta kostaði mikla yfirlegu bæði hjá RSK og  
Ríkisbókhaldi og í framhaldi af því forritun og  
prófanir. Við uppbyggingu gagnaskráa og forrit-  
un seðilsins var lögð áhersla á að hægt væri  
með litlum tilkostnaði að birta hann alls staðar  
þar sem þörf væri á.

Auk hefðbundinnar dreifingar var seðillinn

gerður aðgengilegur í Sögukerfi, síðar Hörpu,  
og á vefnum fyrir innheimtumenn. Ákveðið var  
að sleppa því að birta seðilinn í stórtölvuum-  
hverfi Skýrr vegna stærðar hans, en allir sem á  
þurfa að halda hafa aðgang að þessum seðlum  
í Hörpu eða á vefnum.

Sömu aðferðum er beitt varðandi sundurlið-  
unarblaðið sem fylgir með skattframtalinu. Það  
var unnið með þeim hætti að auðvelt væri að  
birta það bæði í Hörpu og á vefnum, auk þess  
að prenta það út.

Framkvæmdastjórn ESB stóð fyrir ráðstefnu  
um rafræna stjórnarsýslu í Brussel í nóvember.  
Ríkisskattstjóri sendi umsókn um þátttöku í  
krafti veframtals RSK og rafrænna skila al-  
mennt. Um 280 umsóknir bárust og hlutu 60  
þeirra viðurkenningu framkvæmdastjórnarinnar.  
Þær lausnir sem viðurkenningu hlutu voru af  
ýmsum toga, en lausnir tengdar skatta- og  
tollamálum voru áberandi. Á meðal þeirra  
lausna sem hlutu viðurkenningu var veframtal  
RSK. Í viðurkenningunni felst að veframtal RSK  
telst meðal bestu lausna á sviði rafrænnar  
stjórnarsýslu. Bragi L. Hauksson og Haraldur  
Hansson, sem sóttu ráðstefnuna fyrir hönd  
ríkisskattstjóra, tóku þátt í hringborðsumræðum  
um rafrænar lausnir í skatta- og tollamálum. Í  
þeim umræðum kom fram að viðlíka útbreiðslu  
og hagkvæmni rafrænna lausna og náðst hefur  
hér á landi er vart að finna hjá öðrum þjóðum.

Í ljósi aukinnar áherslu á rafræn skil hvers  
konar og rafræn samskipti við skattborgarana  
verður sífellt mikilvægara að hafa örugga leið til  
auðkenningar. Hjá ríkisskattstjóra eru nokkrar  
aðferðir notaðar í dag, svo sem veflyklar við  
skattframtal á vefnum og rafræn skilríki (svo-  
kölluð Pretty Good Privacy skilríki) við skil end-  
urskoðenda og bókara. Vel hefur verið fylgst  
með þróun á þessu sviði hjá embættinu, því  
mikilvægt er að heppilegustu lausnir á hverjum  
tíma séu nýttar öllum til hagsbóta.

**Vélbúnaður, gagnaflytningar, málakerfi**  
Viðnet RSK tók stökkbreytingum á árinu. Flytningur

ingsgeta margfaldaðist og rekstraröryggi jókst. Í árslok 2000 voru gagnaflutningar á víðneti RSK boðnir út. Ákveðið var að taka tilboði Landssímans sem byggir á svokölluðu IP-neti. Samningur á milli Landssímans og RSK var undirritaður 26. janúar 2001. Samningurinn er að lágmarki til þriggja ára frá 1. mars 2001. Í nýrri högun víðnetsins tengjast allar skattstofurnar RSK og síðan er aðeins ein leið þaðan til Skýrr og út á Internetið. Samhliða þessu þurfti að kaupa nýjan endabúnað alls staðar. Í kjölfar þessara breytinga þurfti svo að endurskoða ýmislegt í nethögun kerfisins og aðlaga.

Tölvulagnir innanhúss hjá RSK voru frá 1990 og uppfylltu ekki orðið þær kröfur sem nú eru gerðar um flutningsgetu. Í samráði við Fasteignir ríkissjóðs var ákveðið að endurnýja þessar lagnir. Verkið var boðið út af Framkvæmdasýslu ríkisins og bærust nokkur tilboð. Samið var við Sverri Hermannsson, rafverktaka. Framkvæmdir hófust í september og lauk í lok október. Verkið gekk vel og voru rekstrartruflanir í lágmarki.

Flestar einmenningstölvur á víðnetinu voru endurnýjaðar á árinu. Að stærstum hluta urðu fyrir valinu 866 Mhz Pentium III vélar með 256 MB innra minni og 19" skjáir. Vélarnar fóru inn á 3 ára leigusamning en skjáirnar á 5 ára samning. Uppsetning á vélunum fór að mestu fram frá apríl til júní.

Kælikerfi var sett upp í tölvumiðstöð RSK á árinu. Allar götur síðan 1998 var ljóst að úrbætur væru nauðsynlegar, þar sem ekki væri hægt að tryggja að vélar virkuðu og tölvubúnaðurinn skemmdist ekki í mesta hitanum. Til að byrja með var gripið til bráðabirgðalausna, en í byrjun árs 2001 var ákveðið að leysa málið varanlega. Tölvuherbergið var stækkað og öflugur kælibúnaður settur upp í lok júlí að undan-gengnu útboði. Settur var upp einn kælikápur sem dugar í bili, en gert er ráð fyrir öðrum skáp sem setja má upp þegar þörf krefur.

Í lok nóvember var gengið frá samningi við Opin kerfi um leigu á nýrri Unix-vél (L3000) fyrir Lotus Notes, póst- og málakerfi skattkerfisins.

Hefur það bætt rekstraröryggi kerfisins og aukið hraða þess.

Málakerfið í Lotus Notes (GoPro) hefur verið notað í nokkur ár hjá ríkisskattstjóra, skattrannsóknarstjóra, yfirskattanefnd og skattstofunum á Ísafirði, Akureyri og Egilsstöðum. Málakerfið var á sínum tíma sett upp á öllum skattstofunum og hefur sem slíkt verið notað af öllum stofnunum skattkerfisins til framtalantana innbyrðis, en á síðasta ári var byrjað að nota það til málautanumhalds hjá skattstofunum í Reykjavík og í Hafnarfirði. Á árinu hefur verið unnið að sérlausnum í málakerfinu fyrir embætti skattrannsóknarstjóra og skattstofuna í Hafnarfirði. Einnig hafa verið útbúnir smærri gagnagrunnar til utanumhalds, t.d. um aðgang í upplýsingakerfi RSK. Þá hafa verið smíðaðar tengingar við þjóðskrá sem opna á marga möguleika við að tengja saman upplýsingar úr ólíkum kerfum.

### Staðgreiðslukerfi og útsendingar

Á árinu voru áritaðir og sendir út um 453.446 gíröseðlar. Þá voru áritaðar 118.282 sundurliðanir sem sendar voru launagreiðendum.

Staðgreiðslufirlit var fært inn á álagningar-seðlana, en ekki sent launamönnum sérstaklega. Orðsendingar og upplýsingabréf sem voru send til allra launagreiðenda, voru alls 199.300 í 9 sendingum.

Áritun og útsendingar framtalseyðublaða vegna álagningar 2001 voru: Skattframtöl manna 157.930, skattframtöl barna 11.927, skattframtöl lögaðila 17.838, launaframtöl manna og lögaðila 13.800, samtalningsblöð hlutafjármiða 15.071.

Áritun og útsendingar álagningarseðla til manna og barna voru 232.197, til lögaðila 19.643 og álagningarseðlar tryggingagjalds 27.949.

Á árinu bærust 858 umsóknir um leiðréttingu á staðgreiðslu launamanna, en það er 99 umsóknir færri en árið áður. Af þessum umsóknunum voru 793 samþykktar.

Skattafræðslan hefur yfirumsjón með fræðslustarfsemi skattkerfisins. Hún skipuleggur námskeið fyrir þær stofnanir sem hafa með höndum skattaframkvæmd svo og fyrir aðrar stofnanir eða hópa sem óska eftir fræðslu á þessu sviði. Í starfinu felst að gera áætlanir um námskeið og yfirlit yfir fræðsluefni, gerð kennsluefnis og umsjón með kennslugögnum auk þess að semja við leiðbeinendur og stofnanir sem að fræðslunni koma. Önnur verkefni koma einnig til kasta skattafræðslu og má þar helst nefna gerð verklagsreglna og leiðbeininga- og kynningarbæklinga. Þá er ritstjórn Tíundar, fréttablaðs ríkisskattstjóra, í höndum skattafræðslu.

### Áramótavinnsla 2000-2001

Í ársbyrjun komu í hlut skattafræðslu ýmis verkefni sem tilheyra árlegri gerð framtalsgagna. Má þar nefna endurskoðun á eyðublöðum og bæklingum og ritstjórn leiðbeininga með skattframtali einstaklinga. Þá fer einnig fram á vegum skattafræðslu kynningarstarfsemi af ýmsu tagi.

### Námskeið fyrir nýja í rekstri

Námskeiðahald á árinu 2001 var tvíþætt. Annars vegar voru reglubundin námskeið fyrir einstaklinga sem eru að hefja atvinnurekstur og hins vegar starfsfræðslunámskeið fyrir starfsfólk skattfyrivalda. Eins og á síðasta ári voru haldin námskeið um almenn skattskil, tekjuskráningu og reikningaútgáfu og virðisaukaskatt fyrir þá sem eru að hefja atvinnurekstur. Þessum námskeiðum er skipt í þrjú hluta, en hver hluti stendur yfir í 4 kennslustundir. Námskeiðin voru sett upp á heimasíðu ríkisskattstjóra og eru kynnt þar. Eftirspurn hefur verið mikil og var fullbókað á öll námskeið á árinu.

Þá voru haldin námskeið fyrir einstaka hópa, t.a.m. voru haldin sérsniðin námskeið fyrir lön-tæknistofnun og Íþróttasamband Íslands auk þess sem haldnir voru margir fræðslufundir fyrir faghópa.

### Starfsfræðslunámskeið

Árlega eru haldin starfsfræðslunámskeið fyrir starfsfólk skattfyrivalda. Umfang námskeiðanna fer nokkuð eftir því hversu miklar breytingar og nýjungar eru á döfinni. Að þessu sinni voru haldin 7 starfsfræðslunámskeið á haustönn og sóttu þau 186 starfsmenn. Leiðbeinendur sem komu að þessum námskeiðum voru 13.

Námsefnið var aðallega með hefðbundnum hætti, námskeið um virðisaukaskatt, tryggingagjald og staðgreiðslu, meðferð persónuupplýsinga, málsmeðferðarreglur og samruna hlutafélaga. Nýjungin að þessu sinni var þjónustunámskeið sem haldið var utan Reykjavíkur en það námskeið sóttu 20 starfsmenn. Þá voru haldnir fræðslufundir á tveimur skattstofum utan Reykjavíkur.

### Tíund

Tíund hélt áfram göngu sinni og að þessu sinni komu út þrjú tölublöð, í mars, ágúst og nóvember. Blaðið var með hefðbundnu sniði, greinar, viðtöl og almennur fróðleikur um skattamál.

### Önnur verkefni

Ýmis önnur tilfallandi verkefni eru á höndum skattafræðslu og má þar nefna upplýsingagjöf, svör við fyrirspurnum, ýmis verkefni í tengslum við afgreiðslu skatterinda, úrvinnsla úr tölulegum upplýsingum, skýrslugerð og vinnu í sambandi verklagsreglur o.þ.h.

## JANÚAR

### Skattframtöl

Árituð voru 157.930 framtöl fyrir 213.474 einstaklinga, 17.838 framtöl fyrir lögaðila auk barnaframtala, launaframtala og annarra gagna. Framtalsgögnum og leiðbeiningum var í fyrsta sinn vélþakkað og dreift alfarið í pósti, en skattstjórar höfðu áður annast þökkun og hluta dreifingar.

### Orðsendingar

Orðsending varðandi þungaskatt nr. 1 um fast gjald  
Orðsending varðandi þungaskatt nr. 2 um álestrar-  
tímabil 20. jan.-10. feb. og nýja gjaldskrá kíló-  
metragjalds frá og með 11. feb.

Orðsending varðandi virðisaukaskatt nr. 1 um reglu-  
gerðarbreytingar o.fl.

Orðsending varðandi virðisaukaskatt nr. 2 um ársskil  
Orðsending til launagreiðenda nr. 1 um staðgreiðslu  
2001

Orðsending til launagreiðenda nr. 2 um skattmat í  
staðgreiðslu 2001

### Námskeið

Námskeið um almenn skattskil, bókhald og  
virðisaukaskatt haldið hjá RSK. Sams konar  
námskeið haldið 9 sinnum á árinu í Reykjavík, þ.e.  
mánaðarlega nema yfir sumartímann.

### Réttarreglur

Reglugerð nr. 16/2001 um breyting á reglugerð nr.  
50/1993, um bókhald og tekjuskráningu  
virðisaukaskattsskyldra aðila

Reglugerð nr. 18/2001 um breyting á reglugerð nr.  
192/1993, um innskatt

### Álagning

Álagning fasts gjalds þungaskatts (15.500 ökutæki)  
Álagning bifreiðagjalds (143.000 ökutæki)

## FEBRÚAR

### Orðsendingar

Orðsending til launagreiðenda nr. 3 um greiðslufirilt  
RSK 2.025 vegna greiðslna til erlendra aðila

### Námskeið

Námskeið um almenn skattskil, bókhald og  
virðisaukaskatt haldið á Laugarvatni.

### Réttarreglur

Reglur nr. 165/2001 um endurgreiðslu  
virðisaukaskatts til Norræna fjárfestingarbankans

Reglugerð nr. 124/2001 um launafrádrátt

### Álagning

Álagning kílómetragjalds þungaskatts (10.700  
ökutæki)

## MARS

### Netframtal

Skattframtal einstaklinga opnað á netinu.

### Gagnaflutningsnet

Nýtt gagnaflutningskerfi tekið í notkun í skattkerfinu.

### Tíund

Fyrsta tölublað ársins af Tíund kom út.

### Réttarreglur

Reglugerð nr. 213/2001 um skattalega meðferð á  
bústofnsbreytingu og kaupverði lífdýra í  
landbúnaði

## MAÍ

### VSK – fundur

Fundur um virðisaukaskatt með þeim sem koma að  
framkvæmd hans

### Orðsendingar

Orðsending varðandi þungaskatt nr. 3 um  
álestrartímabil 20. maí – 10. júní

### Lagabreytingar

Lög nr. 30/2001 um breyting á lögum nr. 75/1981, um  
tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.  
Breytingar gerðar á greinum 9, 17, 56, og 56A og  
sett nýtt ákvæði til bráðabirgða.

Lög nr. 57/2001 um breyting á lögum nr. 50/1988, um  
virðisaukaskatt

### Réttarreglur

Reglugerð nr. 373/2001 um framkvæmd skatteftirlits  
og skattrannsóknna

### Húsnæðismál

Hluti jarðhæðar á Laugavegi 166 tekinn í notkun og  
starfsemi stjórnunarskrifstofu færð þangað.

## JÚNÍ

### Álagning

Álagning kílómetragjalds þungaskatts (10.700  
ökutæki)

### Lagabreytingar

Lög nr. 60/2001 um breyting á lögum nr. 75/1981, um  
tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.  
Breytingar á 17. gr. varðandi hlutafélög og  
sparisjóði.

### Ráðstefna

Fulltrúar eftirlitsskrifstofu sóttu fund í Svíðþjóð þar  
sem fjallað var um viðskipti á netinu.

## JÚLÍ

### Orðsendingar

Orðsending til launagreiðenda nr. 4 um kílómetragjald



### Skattstjórafundur

Hinn árlegi skattstjórafundur með fjármálaráðurneyti og skattstjórum var haldinn í Hveragerði.

### Réttarreglur

Reglugerð nr. 540/2001 um tímabundna endurgreiðslu 2/3 hluta virðisaukaskatts vegna kaupa eða leigu hópbifreiða

Reglugerð nr. 541/2001 um endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna sölu hópferðabifreiða úr landi

### Álagning

Sendir út 232.197 álagningarseðlar vegna opinberra gjalda manna og barna.

Álagning fasts gjalds þungaskatts (15.700 ökutæki)  
Álagning bifreiðagjalds (144.000 ökutæki)

### ÁGÚST

#### Tíund

Annað tölublað ársins af Tíund kom út.

### SEPTEMBER

#### Orðsendingar

Orðsending varðandi þungaskatt nr. 4 um álestrartímabil 20. sept. – 10. okt.

#### Námskeið

Haldin voru sjö starfsfræðslunámskeið á haustönn fyrir starfsfólk skattkerfisins. Auk hefbundinnar endurmenntunar var boðið upp á þjónustunámskeið og fræðslufundi.

### OKTÓBER

#### Prentverk

Endurnýjaðir samningar við þrjár prentsmiðjur vegna ýmissa prentverka.

Út kom safn laga og stjórnvaldsfyrirmæla um virðisaukaskatt, vörugjöld og bifreiðagjöld

#### Réttarreglur

Reglugerð nr. 741/2001 um breyting á reglugerð nr. 667/1995, um framtal og skil á virðisaukaskatti

#### Álagning

Sendir út 19.643 álagningarseðlar vegna opinberra gjalda lögaðila.

Sendir út 27.949 álagningarseðlar vegna tryggingagjalds.

Álagning kílómetragjalds þungaskatts (11.600 ökutæki)

#### Ný þjónusta

Boðið uppá að kaupa lagasöfn og önnur sölurit ríkisskattstjóra gegnum vefinn.

### NÓVEMBER

#### Tíund

Þriðja tölublað ársins af Tíund kom út.

### Orðsendingar

Orðsending til launagreiðenda nr. 5 um hlutafjármiða, launamiða og launaframtal

Orðsending varðandi virðisaukaskatt nr. 3 um rafræn skil

#### Námsstefna

Fulltrúar frá RSK fjölluðu um nýja rekstrarskýrslu og rafræn skil á námsstefnu hjá Félagi bókhaldsstofa á Flúðum.

#### Rafræn skil

Rafræn skil virðisaukaskatts opnuð gjaldendum almennt

#### VSK – fundur

Fundur um virðisaukaskatt með þeim sem koma að framkvæmd hans

#### Réttarreglur

Reglugerð nr. 886/2001 um ábyrgðargjald atvinnurekenda árið 2002

#### Húsnæðismál

Ný afgreiðsla RSK opnuð á jarðhæð hússins á Laugavegi 166 auk þess sem ný skjalageymsla var tekin í notkun.

### DESEMBER

#### Orðsendingar

Orðsending til launagreiðenda nr. 6 um forskráningu launa og starfstengdra greiðslna

#### Lagabreytingar

Lög nr. 149/2001 um breyting á lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi

Lög nr. 133/2001 um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Breytingar á fjölmörgum lagagreinum í tekjuskattlögum og jafnframt gerðar breytingar á lögum um bókhald, lögum um ársreikninga og fleiri lögum.

#### Útgáfa

Ný útgáfa, á tölvutæku formi, safns laga og stjórnvaldsfyrirmæla um virðisaukaskatt, vörugjöld og bifreiðagjöld

#### Réttarreglur

Reglugerð nr. 990/2001 um greiðslu vaxtabóta

Reglugerð nr. 994/2001 um innheimtu þinggjalda á árinu 2002

#### Netframtal

Skattframtal einstaklinga á vefnum hlaut viðurkenningu á alþjóðlegri ráðstefnu í Brüssel um rafræna stjórnsýslu.

#### Upplýsingavefur RSK

Viðmótskönnun unnin af Sjá ehf. vegna breytinga og endurbóta á upplýsingavef ríkisskattstjóra.

# ÁLAGNING EINSTAKLINGA OG LÖGAÐILA

	2001 (þús. kr.)	2000 (þús. kr.)	Hlutfallsleg breyting	2001 Fjöldi	2000 Fjöldi	Hlutfallsleg breyting
<b>Tekjuskattur</b>	<b>54.486.456</b>	<b>49.223.607</b>	<b>10,7%</b>	<b>142.844</b>	<b>134.062</b>	<b>6,6%</b>
Einstaklingar	45.345.924	38.905.424	16,6%	135.308	127.031	6,5%
Lögaðilar	9.140.532	10.318.183	-11,4%	7.536	7.031	7,2%
<b>Eignarskattur</b>	<b>5.168.877</b>	<b>4.609.114</b>	<b>12,1%</b>	<b>72.489</b>	<b>67.611</b>	<b>7,2%</b>
Einstaklingar	3.183.454	2.578.090	23,5%	65.487	60.681	7,9%
Lögaðilar	1.985.423	2.031.024	-2,2%	7.002	6.930	1,0%
<b>Iðnlána- og iðnaðarmálagjald</b>	<b>263.414</b>	<b>211.023</b>	<b>24,8%</b>	<b>11.058</b>	<b>10.834</b>	<b>2,1%</b>
Einstaklingar	46.425	30.063	54,4%	6.902	6.979	-1,1%
Lögaðilar	216.989	180.960	19,9%	4.156	3.855	7,8%
<b>Sérstakur tekjuskattur</b>	<b>1.575.882</b>	<b>1.182.513</b>	<b>33,3%</b>	<b>15.144</b>	<b>12.094</b>	<b>25,2%</b>
Einstaklingar	1.575.882	1.182.513	33,3%	15.144	12.094	25,2%
<b>Sérstakur eignarskattur</b>	<b>805.864</b>	<b>730.255</b>	<b>10,4%</b>	<b>39.842</b>	<b>35.329</b>	<b>12,8%</b>
Einstaklingar	392.234	307.125	27,7%	32.859	28.415	15,6%
Lögaðilar	413.630	423.130	-2,2%	6.983	6.914	1,0%
<b>Fjármagnstekjuskattur</b>	<b>3.449.172</b>	<b>3.689.571</b>	<b>-6,5%</b>	<b>78.667</b>	<b>78.078</b>	<b>0,8%</b>
Einstaklingar	3.290.298	2.475.021	32,9%	78.583	77.991	0,8%
Lögaðilar	98.820	1.160.438	-91,5%	84	87	-3,4%
<b>Tryggingagjald í staðgreiðslu</b>	<b>19.808.531</b>	<b>17.816.615</b>	<b>11,2%</b>	<b>29.349</b>	<b>28.041</b>	<b>4,7%</b>
Einstaklingar	1.555.077	1.425.828	9,1%	18.467	17.952	2,9%
Lögaðilar	18.253.454	16.390.787	11,4%	10.882	10.089	7,9%
<b>Tryggingagjald gjaldf. 1. nóv.</b>	<b>30.344</b>	<b>38.513</b>	<b>-21,2%</b>	<b>6.773</b>	<b>7.921</b>	<b>-14,5%</b>
Einstaklingar	30.344	38.513	-21,2%	6.773	7.921	-14,5%
<b>Slysatrygging v/heimilisstarfa</b>	<b>28.466</b>	<b>25.457</b>	<b>11,8%</b>	<b>71.162</b>	<b>63.647</b>	<b>11,8%</b>
Einstaklingar	28.466	25.457	11,8%	71.162	63.647	11,8%
<b>Útsvar</b>	<b>47.800.268</b>	<b>42.956.095</b>	<b>11,3%</b>	<b>214.716</b>	<b>210.242</b>	<b>2,1%</b>
Einstaklingar	47.800.268	42.956.095	11,3%	214.716	210.242	2,1%
<b>Gjald í framkvæmdasj. aldraðra</b>	<b>621.364</b>	<b>580.975</b>	<b>7,0%</b>	<b>152.857</b>	<b>146.601</b>	<b>4,3%</b>
Einstaklingar	621.364	580.975	7,0%	152.857	146.601	4,3%
<b>Búnaðargjald</b>	<b>489.904</b>	<b>528.746</b>	<b>-7,3%</b>	<b>3.675</b>	<b>3.748</b>	<b>-1,9%</b>
Einstaklingar	388.263	422.554	-8,1%	3.460	3.555	-2,7%
Lögaðilar	101.641	106.192	-4,3%	215	193	11,4%
<b>Samtals:</b>	<b>134.528.542</b>	<b>121.592.484</b>	<b>10,6%</b>			
<b>Fjöldi á grunnskrá</b>				<b>238.647</b>	<b>232.979</b>	<b>2,4%</b>
Einstaklingar				221.514	217.290	1,9%
Lögaðilar				17.133	15.689	9,2%

## Skattaafsláttur og bætur einstaklinga

Barnabætur	4.423.530	3.594.759	23,1%	53.704	38.089	41,0%
Afsl. til greiðslu útsvars	4.240.966	4.224.864	0,4%	79.571	83.252	-4,4%
Afsl. til greiðslu eignarskatts	438.700	377.979	16,1%	10.330	9.996	3,3%
Afsl. til greiðslu sérst. eignarsk.	24.017	20.277	18,4%	2.743	2.554	7,4%
Afsl. til greiðslu fjármagnst.sk	60.054	54.112	11,0%	9.711	10.694	-9,2%
Vaxtabætur	4.334.649	3.925.645	10,4%	52.629	51.564	2,1%
<b>Samtals til lækkunar:</b>	<b>13.521.916</b>	<b>12.197.636</b>	<b>10,9%</b>			

Ársskýrsla RSK 2001

Prentað í 500 eintökum í júlí 2002

Hönnun og umbrot: Anna P. Guðmundsdóttir

Prentun: Ísafoldarprentsmiðja hf.

